



Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja
Skólaárið 2019-2020

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Vor 2020

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Tölulegar upplýsingar	4
3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið	5
4. Gjafir og styrkir	5
5. Fjölbreytt skólastarf.....	6
5.1. Nemendur í listnámi	6
5.2. Afreksípróttalína.....	6
5.3. Valfög fyrir grunnskólanemendur	7
5.4. Erasmus+	7
5.5. Starfsþróun í skólum.....	8
5.6. Verkefnastjóri erlendra samskipta	8
5.7. Ferðalög nemenda og kennara.....	8
5.8. Menntabúðir.....	9
5.9. Covid-19.....	10
6. Ýmsar upptækur	11
6.1. Móttaka nýnema	11
6.2. Kynningarfundur.....	11
6.3. Opið hús - námskynning	11
6.4. Evrópsk starfsmenntavika	11
6.5. Vinnuverndarvika	12
6.6. Þemadagar.....	12
6.7. Starfshlaup.....	13
6.8. Dimmisio og skemmtikvöld útskriftarnemenda	13
6.9. 100% mæting.....	14
6.10. Opinn fundur með Rotary	14
6.11. Ýmsar keppnir.....	14
6.12. Samstarfsfundur þrískóla	15
7. Skýrsla matsnefndar	16
8. Skýrsla námsstjóra.....	17
8.1. Starfið veturinn 2019-2020	17

8.1.1.	Fundir á skólaárinu	17
8.1.2.	Styrkir og gjafir	18
8.1.3.	Vettvangsferðir og heimsóknir	18
8.1.4.	Erindi.....	19
8.1.5.	Helstu innkaup á kennslubúnaði	19
8.2.	Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað.....	20
8.3.	Námstjórar.....	43
9.	Skýrsla bókasafns.....	44
10.	Skýrsla námsráðgjafa.....	46
11.	Skýrsla forvarnafulltrúa	52
12.	Skýrsla félagslífsfulltrúa	54
13.	Skýrsla sálfræðinga.....	55

1. Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2019-2020. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, fjölbreytt skólastarf og ýmsar upptækur í skólastarfinu. Samantektarskýrslur matsnefndar, námstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, sálfræðings, forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa.

2. Tölulegar upplýsingar

Haust 2019

Skólastarf hófst 16. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst síðan 21. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru um 960 en auk þess stunduðu rúmlega 100 nemendur úr 9. og 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Starfsmenn skólans á önninni voru 97. Verktakafyrirtæki sá síðan um ræstingu.

Nokkrir nýir starfsmenn hófu störf við upphaf haustannar en það voru þau Anna Rún Jóhannsdóttir, Bjarki Ásgeirsson, Ester Þorsteinsdóttir, Luis Felipe Torres, Silja Hrund Barkardóttir og Sólveig Björk Granz. Ásta Birna Ólafsdóttir og Telma Rut Eiríksdóttir sneru aftur eftir leyfi. Guðbjörg Jónatansdóttir og G. Sunna Gunnarsdóttir voru í námsleyfi á önninni og Hanna Björnsdóttir, John Richard Middleton og Sturla Bragason voru í veikindaleyfi.

Vor 2020

Skólastarf hófst 6. janúar með stundatöfluaafhendingu og fyrsta kennsludegi 8. janúar. Um 850 nemendur voru í dagskóla en auk þess stunduðu tæplega 100 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Fastir starfsmenn skólans voru 92 á önninni, 70 kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur, 2 stundakennarar og 20 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

Um áramót hófu Guðrún Einarsdóttir bókavörður og Sigríður Rós Jónatansdóttir kennari í heilbrigðisgreinum störf hjá skólanum. Anna Kristín Halldórsdóttir kennsluráðgjafi hóf síðan störf í byrjun mars og Ásgeir Gunnarsson leysti af í tölvugreinum á seinni hluta annarinnar. Marianna Einarsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Silja Hrund Barkardóttir, Sólveig Björk Granz og Sturla Bragason hættu um áramót. Jörunn Tómasdóttir var í námsorlofi og Einar Trausti Óskarsson var í leyfi á önninni.

3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið

Edda Björgvinsdóttir hélt námskeið fyrir kennara og starfsfólk um starfsanda og samskipti á vinnustöðum. Starfsmaður barnaverndar Reykjanesbæjar kom í heimsókn og fræddi kennara um barnaverndarmál. Starfsmenn fengu fræðslu um persónuvernd og áhrif laga um persónuvernd á skólastarfið. Auk þess var boðið upp á erindi um næringu og notkun kvikmynda í kennslu.

4. Gjafir og styrkir

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum en slíkar gjafir skipta miklu máli fyrir skólann og það starf sem fer fram innan hans.

Starfsfólk starfsbrautar hefur verið að undirbúa að koma upp skynörvunarherbegi fyrir nemendur brautarinnar og hafa fengið til þess styrki frá nokkrum samtökum. Lionsklúbbarnir í Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Sandgerði, lionsklúbburinn Æsa, kvenfélag Keflavíkur og kvenfélagið Fjola hafa styrkt þetta verkefni og nema þessir styrkir samtals rúmlega milljón krónum. Þessir styrkir skipta sköpun við að hrinda þessu mikilvæga verkefni í framkvæmd.

Á haustönn fengu allir nýnemar í rafiðnadeild skólans spjaldtölvur að gjöf frá Samtökum rafverktaka og Rafiðnaðarsambandi Íslands. Þessi gjöf er liður í átaki þessara samtaka en þar fá allir nemendur í rafiðngreinum á landinu spjaldtölvur að gjöf. Forsaga málsins er að í nokkur ár hefur verið starfrækt vefsíðan rafbók.is en þar er að finna margvíslegt námsefni fyrir rafiðnaðarnema. Þessi síða hefur verið endurgjaldslaus fyrir nemendur og þar með sparað þeim kostnað við bókakaup. Það er von gefenda að spjaldtölvurnar ýti enn frekar undir notkun á síðunni og nemendur hafi þannig enn betri aðgang og gagn af henni.

Skólinn fékk einnig veglega gjöf frá Johan Rönning. Það voru 12 töfluskápar með tilheyrandi búnaði sem á eftir að koma sér vel fyrir rafmagnsdeild skólans. Kann skólinn fyrirtækinu bestu þakkir fyrir.

Húsasmíðadeild skólans fékk að gjöf fjórar 18v Dewalt borvélar frá Sindra og auk þess fengu nemendur og kennarar bol og derhúfu við sama tækifæri.

5. Fjölbreytt skólastarf

5.1. Nemendur í listnámi

Nemendur í textíldéild saumuðu bleikar herraslaufur í tilefni af bleika deginum þann 11. október. Slaufurnar voru seldar og rann ágóðinn óskiptur til Ljóssins en Ljósið er stuðningsfélag fyrir krabbameinsgreinda og aðstandenda þeirra. Það var Anna Sigríður Jónsdóttir starfsmaður hjá Ljósinu sem veitti styrknum viðtöku en hann var 70.000 kr.

Undanfarin ár hafa nemendur sem hafa verið að vinna lokaverkefni í textíl sýnt verk sín í útibúi Landsbankans í Reykjanesbæ. Textíldéild skólans hefur verið í góðu samstarfi við starfsfólk Landsbankans sem hefur sýnt þessu verkefni mikinn áhuga og stuðning. Í desember sýndu þrír nemendur verk sín í bankanum, Natalía Nótt Árnadóttir, Kristín Margrét Ingibjargardóttir og Helgi Líndal Elíasson. Það er lærdómsríkt fyrir nemendur að sýna verk sín opinberlega á þennan hátt og svona verkefni eru líka liður í að styrkja samband og samskipti atvinnulífs og skóla.

5.2. Afreksíþróttalína

Nemendur á afreksíþróttalínu stunda æfingar í sinni íþrótt samhliða námi og fá einnig fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Einungis var boðið upp á afreksíþróttalínu á haustönninni. Arnar Þór Viðarsson þjálfari U-21 landsliðs karla og yfirmaður knattspyrnumála hjá KSÍ heimsótti nemendur á afreksíþróttalínu. Sigurður Ragnar Eyjólfsson knattspyrnuþjálfari kom einnig og flutti fyrirlesturinn "Vertu þinn eiginn þjálfari" og Haukur Ingi Guðnason var með fræðslu um íþróttasálfræði. Brynjar Benediktsson frá Sports and Education kom og kynnti háskólanám og íþróttastyrki í Bandaríkjunum. Öllum í skólanum var boðið á þennan fyrirlestur og var hann fjölsóttur. Á önninni voru 22 nemendur í knattspyrnu og 16 í körfuknattleik.



Nemendur á afreksíþróttalínu

5.3. Valfög fyrir grunnskólanemendur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í fararbroddi á landsvísu hvað varðar fljótandi skólaskil þá sérstaklega á milli grunnskólastigsins annars vegar og framhaldsskólastigsins hins vegar. Valfögin standa bæði 9. og 10. bekkjum til boða. Áfanganir sem nemendum stóð til boða að taka voru enska, stærðfræði, spænska, textíll og hár, rafmagn, húsasmíði og forritun. Einnig var boðið upp á þýsku en því miður þá náðist ekki í hóp í þeirri grein.

5.4. Erasmus+

Skólinn tekur nú þátt í verkefni á vegum Erasmus+-áætlunarinnar en í verkefninu er fjallað um menningararf. Verkefninu er stýrt frá Ungverjalandi en aðrir samstarfsskólar eru í Litháen, Póllandi, Ítalíu og Spáni. Verkefnið heitir National Prides in an European Context og gengur út á að kynna fyrir nemendum menningararfleið ólíkra landa í Evrópu með það að markmiði að auka víðsýni, þekkingu og læsi á umhverfinu innan og utan landssteinanna. Á haustönn var skólinn í gestgjafahlutverkinu þegar nemendur og kennarar samstarfsskólanna komu í heimsókn. Gestirnir ferðuðust töluvert um svæðið og reyndar víða og heimsóttu meðal annars forseta Íslands á Bessastaði. Samkvæmt úttekt á heimsókninni voru gestirnir einstaklega ánægðir með heimsóknina, dagskrána og skipulag hennar og ekki síst gestrisni heimamanna. Sérstaklega þótti þessum erlendu gestum okkar merkilegt að geta skroppið í heimsókn til forsetans enda ekki vanir slíku á sínum heimaslóðum. Á vorönn fóru svo fimm nemendur ásamt kennurum að kynna menningararfi Póllands en ekki síður að kynna öðrum venjum og siðum heimafélksins í bænum Szubin sem liggur skammt frá Gdansk. Það eru kennararnir Anna Karlsdóttir Taylor, Ester Þórhallsdóttir og Harpa Kristín Einarsdóttir sem taka þátt í þessu áhugaverða verkefni.



Frá heimsókn til forseta Íslands

5.5. Starfsþróun í skólum

Fjölbrautaskóli Suðurnesja tekur þátt í tveggja ára verkefni um stoðkerfi fyrir starfsþróun í skólum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Leikskólann Grænuvelli á Húsavík, Borgarhólsskóla, einnig á Húsavík, og Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.

Verkefnið felst í að skilgreina og útfæra stoðkerfi fyrir starfsþróun í skólum. Mikilvægur liður í því er að prófa til reynslu þróunarverkefni sem nýtist við að móta skipulag sem geti verið fyrirmynd að stuðningi við kennara, skóla og háskóla og við innleiðingu á lærdómssamfélagi í skólastarfi og menntun án aðgreiningar.

Það eru ellefu kennarar ásamt verkefnastjóra sem vinna að þessu verkefni fyrir hönd skólans.

5.6. Verkefnastjóri erlendra samskipta

Harpa Kristín Einarsdóttir hefur verið ráðin sem verkefnastjóri erlendra samskipta enda hafa alþjóðleg verkefni verið að aukast til muna undanfarin ár.

5.7. Ferðalög nemenda og kennara

Nemendur skólans eru duglegir við að heimsækja leikhús, listasöfn og ýmsa vinnustaði og fara í menningar- og vettvangsferðir, enda er það hluti af námi þeirra.

Nemendur á tölvuþjónustubraut og tölvufræðibraut fóru í heimsókn til Ísavia og fengu þar höfðinglegar móttökur eins og vanalega. Það er bæði spennandi og gagnlegt fyrir nemendur að fara í svona heimsóknir enda sjá þeir þá svart á hvítu hvers konar starf fer fram í tölvudeildum fyrirtækja.

Í lok október fóru 17 nemendur í þýsku til Berlínar ásamt kennara sínum, Vesku Jónsdóttur. Þar gerði hópurinn víðreist og skoðaði allt það helsta sem þessi merka borg hefur upp á að bjóða.

Nemendur af starfsbraut fóru í menningarferð til Reykjavíkur og skoðuðu m.a. Flyover Iceland sem reyndist vera mögnuð upplifun. Hópurinn fór einnig á Bessastaði og hitti Guðna Th. Jóhannesson forseta sem gaf sér góðan tíma til að ræða við nemendur og svara spurningum þeirra. Ágúst Einþórsson bakari og stofnandi Brauð og Co kom í heimsókn til starfsbrautar og sagði frá starfi sínu sem bakari. Nemendur spurðu fjölmarga spurninga og úr varð fræðandi og skemmtileg heimsókn.

Nemendur í jarðfræði fóru í vettvangsferð á Garðskaga og sóttu sand til að skoða nánar í skólastofunni og komust að því að sandur er ekki bara sandur.

Nemendur í lífsleikni og lýðheilsu tóku þátt í forvarnadegi ungra ökumanna við 88 húsið og eru vonandi vel undirbúnir að fara út í umferðina sem ökumenn. Sami hópur gekk síðan á Þorbjörn með nesti og nýja skó í sannkölluðu blíðskaparveðri.

Í áfanganum Lýðheilsa er unnið með forvarnir af ýmsu tagi. Mánudaginn 11. nóvember komu lögregluþjónarnir Kristján og Heiðrún og spjölluðu við nemendur um mikilvægi þess að taka réttar ákvarðanir í lífinu og hver áhrifin geta orðið ef þú ferð ekki eftir lögum. Einnig ræddu þau um að öllum geti orðið á mistök og mistök eru til að læra af. Þriðjudaginn 12. nóvember kom leikarinn Bjartur Guðmundsson og ræddi við nemendur um mikilvægi þess að hafa gott sjálfstraust og hvernig gott sjálfstraust hjálpar við að taka meðvitaðar ákvarðanir við hinar ýmsu aðstæður.

Anna Dóra Antonsdóttir rithöfundur heimsótti nemendur í íslenskum bókmenntum fyrri alda. Nemendur höfðu lesið bók hennar Þar sem skömmin skellur og voru svo heppnir að fá höfundinn heim. Nemendur undirbjuggu sig vel fyrir komu Önnu Dóru og spurðu hana um ýmislegt er þeir höfðu hug á að vita meira um.

Nemendur í lokaáfanga í íslensku fóru á leiksýningu í Þjóðleikhúsi allra landsmanna. Þar sá hópurinn Sjeikspír verður ástfanginn og er skemmst frá því að segja að nemendur voru afar ánægðir með sýninguna. Íslenskunemendur fóru einnig í vettvangsferð að Gljúfrasteini að heimsækja safn Nóbelskáldsins. Þeir nemendur höfðu lesið hina 100 ára gömlu bók Barn náttúrunnar á önninni sér til gleði og gagns. Afar vel var tekið á móti nemendum sem voru mjög kát með ferðina.

5.8. Menntabúðir

Í byrjun október voru menntabúðir Lærdómssamfélags á Suðurnesjum haldnar á sal skólans. Menntabúðir eru hugsaðar sem vettvangur fyrir allt skólasamfélagið á Suðurnesjum til samráðs, hugmyndasköpunar, samstarfs og starfspróunar. Í menntabúðum er áhersla á jafningjafræslu, umræður og að þátttakendur miðli reynslu og þekkingu sín á milli sem getur stuðlað að umræðum milli þeirra sem koma og eflingu tengslanets þeirra. Í þetta skiptið var áherslan á velferð og lýðheilsu, bæði innan sem utan skólasamfélagsins.

5.9. Covid-19

Vorönnin var svo sannarlega ekki með hefðbundnu sniði. Þegar farið var að ræða um yfirvofandi faraldur voru viðbragðsáætlanir skólans yfirfarnar og endurskoðaðar og vel fylgst með stöðu mála og fyrirmælum yfirvalda. Þegar samkomubann var sett á um miðjan mars var skólanum lokað. Á augabragði var öll kennsla færð yfir í fjarkennslu og gekk það framar vonum. Þar lögðu kennarar og nemendur sig svo sannarlega alla fram og stóðu sig frábærlega við erfiðar aðstæður. Þegar létt var á takmörkunum 4. maí var ákveðið að kennsla í verknámi, starfsnámi og á starfsbraut færðist aftur inn í skólann með þeim takmörkunum sem þá voru í gangi. Bóknámsáfangar voru að mestu leyti kláraðir í fjarkennslu og því voru nánast engin próf í skólanum í maí. Útskrift var frekar óhefðbundin þar sem nemendur voru á sal skólans ásamt starfsfólki en fjölskylda og vinir fylgdust með í beinni útsendingu.



Útskrift vor 2020 – á Covid tímum

6. Ýmsar uppákomur

6.1. Móttaka nýnema

Þann 22. ágúst var móttaka nýnema en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Nemendafélag skólans bauð nýnemum í óvissuferð sem lauk við Sólbrekkuskóg en þar var farið í leiki og ýmislegt fleira gert. Vel var mætt í ferðina en í sömu viku var sérstakt nýnemakvöld á sal þar sem einnig var fjölmenni.

6.2. Kynningarfundur

Þriðjudaginn 27. ágúst var árlegur kynningarfundur fyrir foreldra nýnema haldinn á sal skólans. Foreldrum nýnema var boðið á fundinn þar sem skólinn var kynntur og sýnt hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í skólakerfinu Innu. Í lok fundarins gafst foreldrum svo tækifæri til að ræða við umsjónarkennara barna sinna. Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknnum og greiningu flutti síðan fróðlegt erindi um stöðu ungmenna á Suðurnesjum en fyrirtækið hefur um langt árabil rannsakað hagi íslenskra ungmenna.

6.3. Opið hús - námskynning

Þriðjudaginn 1. mars var nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra boðið í heimsókn síðdegis. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 18:30. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Þetta er áttunda árið í röð sem slík kynning er haldin.

6.4. Evrópsk starfsmenntavika

Evrópsk starfsmenntavika var dagana 14.-18. október og af því tilefni var opið hús í verklegum greinum í skólanum. Aðrir nemendur skólans og gestir gátu þar kynnt sér verknám og séð hvað nemendur í verklegum greinum taka sér fyrir hendur.

6.5. Vinnuverndarvika

Í tilefni af vinnuverndarviku í iðn- og starfsnámi var fyrirlestur fyrir nemendur og kennara á sal skólans. Garðar Jónsson frá Icelandair ræddi um öryggismál á vinnustöðum. Þar var húsfullir og urðu nemendur margs vísari.

6.6. Þemadagar

Hinir árlegu þemadagar voru haldnir 20. og 21. febrúar og var þemað í ár Fjölbreytt fjör fyrir frábæra FS-inga – F-in fimm. Þemadagar voru með svipuðu sniði og undanfarin ár og áhersla lögð á að fólk gæti tekið þátt og skoðað sem flest.

Fyrri daginn voru námskeið, fyrirlestrar og kynningar og gátu nemendur kynnt sér töfrabrögð, mannshvörf, réttarrannsóknir, fræðst um kjóla og kynhneigð og þeir sem vildu taka þátt gátu farið í box, spunaspil, balkandansa, prjón og hekl og margt fleira. Í hádeginu var matartorg þar sem boðið var upp á margs konar góðgæti úr öllum áttum. Á meðan sýndi Einar Mikael töframaður nokkur mögnuð töfrabrögð. Eftir hádegi héldu námskeiðin áfram og í lok dags skemmtu Sverrir Bergmann og Halldór Gunnar á sal við góðar undirtektir.

Seinni daginn var skemmtun á sal. Þar var boðið upp á vöflur með rjóma sem kennarar sáu um að baka og var því svo sannarlega vel tekið. Þar var sýnd stuttmynd frá Þemadögum og farið í eina léttu Kahoot-keppni. Hljómsveitin Demo flutti nokkur lög en hún er skipuð núverandi, fyrrverandi og væntanlegum nemendum skólans. Þeir Flóni og Huginn luku svo dagskránni og fólk fór sátt heim eftir líflega og skemmtilega Þemadaga.



Frá þemadögum

6.7. Starfshlaup

Ekkert starfshlaup var haldið vegna Covid-19

6.8. Dimmisio og skemmtikvöld útskriftarnemenda

Í lok hvernar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er dimmisio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum. Á haustönn var dimmisio haldið 29. nóvember. Að þessu sinni var hópurinn klæddur eins og hirðfífl sem var kannski við hæfi enda skemmtu hirðfífl til forna fólki með allskyns uppátækjum. Fyrst var verðlaunaafhending en þar fékk útskriftarhópurinn langþráð tækifæri til að veita kennurum sínum viðurkenningar fyrir frammistöðu sína og síðan var komið að hinni hefðbundnu kvikmyndasýningu en það er orðin hefð fyrir því að á dimmisio sé boðið upp á stuttmynd um lífið í skólanum.

Kvöldið áður var boðið upp á skemmtun á sal þar sem útskriftarnemendur og starfsfólk skólans hittust og gerðu sér glaðan dag. Boðið var upp á veitingar og nemendur skipulögðu leiki þar sem mikið gekk á.

Því miður þá féll dimmisio niður á vorönn vegna Covid-19.



Frá dimmisio haustannar

6.9. 100% mæting

Í lok janúar var athöfn á sal skólans þar sem þeir nemendur sem voru með 100% mætingu á síðustu önn fengu viðurkenningu. Þessir ellefu nemendur mættu í hverja einustu kennslustund á haustönninni, fengu aldrei leyfi og komu aldrei of seint. Til að verðlauna hópinn fyrir þessa frammistöðu fengu nemendurnir skólagjöld sín á þessari önn endurgreidd en þau eru 11.000 kr.

Nemendurnir sem fengu viðurkenningu að þessu sinni voru Arnar Breki Gíslason, Arndís Lára Kristinsdóttir, Bryndís María Kjartansdóttir, Freysteinn Finnur Freysson, Jóhannes Adolf Pétursson, Júlía Mjöll Jensdóttir, Kristjana Oddný Björgvinsdóttir, Rakel Ósk Árnadóttir, Svanhildur R. Kristjánsdóttir, Thelma Lind Hjaltadóttir og Þórdís María Aðalsteinsdóttir.

6.10. Opinn fundur með Rotary

Í febrúar stóð Rotaryklúbbur Keflavíkur fyrir opnum fundi í samvinnu við skólann. Megináhersla fundarins voru umhverfis- og loftslagsmál, orsakir, afleiðing og áhrif á heilsu fólks. Á fundinum kynntu fjórir nemendur skólans verkefni sem þau hafa unnið. Katrín Júlía Arnarsdóttir kynnti verkefni sitt um plastsöfnun en þar var rætt að plast er ekki bara plast, sagt frá RIC-endurvinnslukerfinu þar sem plast er flokkað og metið hversu vel það hentar til endurvinnslu og skoðað hvað verður um plastið. Daníel Már Daníelsson, Lárus Logi Elentínusson og Stefán Júlían Sigurðsson gerðu verkefnið Eldar í Ástralíu en þar var markmiðið að skoða af hverju skógareldar kvikna, hvernig tengjast þeir hlýnun jarðar og gróðurhúsaáhrifum og hverjar hafa afleiðingarnar verið. Kennarar þeirra eru Harpa Kristín Einarsdóttir, Haukur Ægisson og Ester Þórhallsdóttir.

6.11. Ýmsar keppnir

Nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja stóðu sig vel að vanda í hinum ýmsu keppnum á skólaárinu. Lið skólans tók að venju þátt í spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur. Lið skólans sigraði lið Menntaskólans í Kópavogi í 1. umferð en tapaði síðan fyrir liði Fjölbrautaskólans við Ármúla í 2. umferðinni. Liðið skipuðu þau Alexander Hauksson, Berglín Sólbrá Bergsdóttir og Gabríel Már Elvarsson.

Lið skólans tók þátt í mælsku- og rökræðukeppninni Morfís þar sem það sigraði lið Borgarholtsskóla í 16 liða úrslitum en tapaði fyrir liði MH í 8 liða úrslitum. Liðið skipuðu Hermann Nökkvi Gunnarsson, Júlíus Viggó Ólafsson, Kristín Fjóla Theódórsdóttir og Unnur Ósk Wium.

Stærðfræðikeppni grunnskólanema fór fram í skólanum 27. febrúar en þar voru þátttakendur 112 úr öllum grunnskólum á Suðurnesjum. Ragnheiður Gunnarsdóttir fagstjóri í stærðfræði hafði umsjón með keppninni eins og undanfarin ár. Verðlaunaafhending fór síðan fram miðvikudaginn 11. mars. Þar mættu tíu efstu í hverjum árgangi ásamt foreldrum sínum, stærðfræðikennurum og skólastjórnendum grunnskólanna. Allir sem voru boðaðir fengu viðurkenningarskjal auk þess gáfu Íslandsbanki og Verkfræðistofa Suðurnesja þeim verðlaun sem lentu í efstu sætunum.



Stærðfræðikeppni grunnskólanna

6.12. Samstarfsfundur þrískóla

Samstarfsfundur framhaldsskólanna á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi var haldinn á Seflossi 3. febrúar. Þessir þrír skólar hafa lengi haft með sér samstarf enda eiga þeir margt sameiginlegt. Í gegnum árin hafa skólarnir m.a. unnið saman að námskrármálum og gáfu á árum áður út sameiginlega námskrá. Seinni árin hafa stjórnendur þessara skóla haft samráð og þá hafa verið haldnir samstarfsfundir með öllum starfsmönnum skólanna á tveggja ára fresti. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í Fjölbrautaskóla Suðurlands mánudaginn 3. febrúar. Þar var boðið upp á nokkra fyrirlestra en síðan skipti fólk sér í vinnuhópa eftir námsgreinum og störfum og bar saman bækur sínar. Ekki var annað að heyra en fólk hafi verið ánægt með þetta tækifæri til að hitta kollega sína og skiptast á skoðunum og reynslusögum.

7. Skýrsla matsnefndar

Á haustönn 2019 mynduðu fjórir kennarar Matsnefnd FS. Þau Ása Einarsdóttir, Haukur Ægisson, Garðar Garðarsson og Harpa Kristín Einarsdóttir ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur. Hópurinn vann að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2019

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórtán kennara var metinn.
2. Könnun á viðhorfi starfsmanna til Mötuneytis Fjölbautaskóla Suðurnesja.
3. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir frá hausti 2017 og til vors 2020. Reglulegt kennslumat var gert á haustönn 2019 með hefðbundnu sniði þar sem lagt var fyrir mat í öllum hópum 15 kennara. Þeir kennarar fara síðan í starfsmannaviðtöl þar sem niðurstöður kennslumats eru lagðar til grundvallar. Vegna samkomubanns á vorönn 2020 féll kennslumat niður þá önn.

Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2020

Engin könnun var lögð fyrir á vegum Matsnefndar á vorönn 2020 vegna samkomubanns í tengslum við COVID-19.

Í könnun á viðhorfi starfsmanna til mötuneytis Fjölbautaskóla Suðurnesja var boð sent til 87 starfsmanna og svöruðu 64 eða 73%. Helmingur svarenda segist borða í Mötuneytinu sem er fækkun frá seinustu könnun en þá sögðust 73% borða þar.

Tekin var upp sú nýbreytni að bjóða upp á afgang á föstudögum á hálfvirði og segjast um 38% svarenda vera frekar eða mjög ánægðir með það. Þá eru um 50% þátttakenda sáttir við verðið á matnum í Mötuneytinu. Aðeins 27% svarenda eru ánægðir með úrval á fersku grænmeti.

Tillögur til úrbóta.

Starfsmenn benda á að úrval á fersku grænmeti mætti vera betra og einnig úrval á ferskmeti.

Ása Einarsdóttir, verkefnastjóri, tók saman.

8. Skýrsla námsstjóra

8.1. Starfið veturinn 2019-2020

8.1.1. Fundir á skólaárinu

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Upplýsingar um fundi á haustönn 2019

	Fjöldi	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
Kennarafundir/starfsmannaf.	4	x		x	xx	x
Námsfundir	5	x	x	x	x	x
Fagfundir	2		x			x
Samráðsfundir	6		xx	x	xxx	
Fræðsluerindi	4	Persónuvernd	Barnavernd	Kvikmyndir í kennslu	Edda Björgvins	
Námskeið	2		Tinna		Menntabúðir FS	
Faggreinafundir	1		x			
Umsjón	4	x	x	x	x	
Skólaþróun	3		x	x	x	
Aðrir fundir	4	Starfsmannafél.	Kennarafélagsf.	Þemafundur Skipulagsfundur		

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Upplýsingar um fundi á vorönn 2020

	Fjöldi	Jan.	Feb.	mars	apr.	maí
Kennarafundir/starfsmannaf.		x	x	x	XX (á zoom)	
Námsfundir		xx		X X(1x á zoom)	X (á zoom)	
Fagfundir		x		x		
Samráðsfundir		xx	xx			
Fræðsluerindi			Næringarfræðingur	Kennsluráðgjafi		
Námskeið		TINNA		Kennsluráðgjafi - vinnustofa		
Faggreinafundir		x	x			
Umsjón		x				
Skólaþróun		x	x			
Aðrir fundir			Þrískólafundur Skemmtifundur Kaffihúsafundur	3x Jafningjafræðsla á zoom		

- Hér má sjá yfirlit yfir þá fundi sem haldnir voru á skólaárinu. Flestir fundir voru hefðbundnir eins og kennara-/starfsmannafundir samráðsfundir og námsfundir.
- Þemafundur var haldinn í tengslum við þema annarinnar sem var heilsa en þá var boðið uppá fjölbreyttar vinnustofur/námskeið sem tengdust næringu fyrir líkama og/eða sál.
- Skipulagsfundur var haldinn með það að markmiði að hreinsa til í vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi starfsfólks. Hægt er að segja að vel hafi tekist til og heilu gámarnir af pappír voru fylltir og fjarlægðir. Fólk var sammála um að mikil aukning hafi orðið á loftgæðum eftir þennan fund.
- Skemmtifundur var í tilefni árshátíðar starfsfólks og þar gat starfsfólk m.a. undirbúið skemmtiatriði fyrir árshátíðina.
- Þrískólafundur var haldinn á Selfossi að þessu sinni.
- Sökum Covid-19 var mikið um fjarfundi eins og til dæmis á Zoom eða Teams og hittist starfsfólk þá á starfsmannafundum, námsfundum, fagfundum og þrír jafningjafræðslufundir voru haldnir þar sem kennarar miðluðu reynslu sinni af fjarkennslu sín á milli.

8.1.2. Styrkir og gjafir

- Allir nemendur í rafiðnaðardeild skólans fengu spjaldtölvur að gjöf frá Samtökum rafverktaka og Rafiðnaðarsambandi Íslands.
- Sindri verslun færði skólanum að gjöf fjórar Dewalt batteríborvélar og hélt kynningu fyrir nemendur og kennara í byggingadeild.
- Nemendur í textíl saumuðu og seldu bleikar herraslaufur í tilefni af bleika deginum í október. Afraksturinn 70.000 kr. var gefinn til Ljóssins sem er styrktarfélag fyrir þá sem hafa greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra.
- Starfsbrautin fékk góða styrki frá félagasamtökum með það að markmiði að útbúa skynörvunarherbergi sem náðist að ljúka við í annarlok. Styrkir komu frá: Kvenfélögunum í Grindavík Keflavík og Fjólu. Lionsklúbbnum í Keflavík, Grindavík, Njarðvík Sandgerði og Lionsklúbbnum Æsu, Lionessklúbbi Keflavíkur og Ladies Circle 6 í Keflavík.
- Veska A. Jónsdóttir fékk styrk frá Rannís fyrir námskeiði í Lübeck.
- Hulda Egilsdóttir fékk Rannísstyrk fyrir ráðstefnu norrænna móðurmálskennara (kennslufræði) haldin í Kaupmannahöfn nóvember 2019.

8.1.3. Vettvangsferðir og heimsóknir

- Nemendur í félagsfræði fóru í vettvangsferð í Hegningarhúsið.
- Nemendur í félagsfræði fóru í vettvangsferð í Háskóla Íslands.
- Vettvangsferð ÍSAN1NÆS á Rokksafn Íslands.
- Nemendur í vélstjórn fóru í heimsókn í Lagnabjónustu Suðurnesja.
- Nemendur í VIS 102 fóru í heimsókn til HS spennuvirki á Fitjum og einnig um borð í Akurey í Reykjavíkurhöfn.
- Nemendur í hárgreiðslu fóru í heimsókn í Tækniskólann. Einnig fóru nemendur í heimsókn á heildsölur sem tengjast faginu.
- Nemendur í rafmagnsfræði fóru í heimsókn í Securitas.
- Nemendur á starfsbraut fóru í heimsókn í Vinnumálastofnun, Dósasel, á Bessastaði og í Fly Over Iceland.
- Tölvuþjónustubraut fór í heimsókn til Kerfisþjónustu Isavia í nóvember 2019.
- Nemendur í róbotafærði og forritunaráfanga í C++ fóru í heimsókn til parity.is í október 2019.
- Andrés Þórarinn Eyjólfsson fór með hóp nemenda í heimsókn til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Morgunblaðsins (íþróttadeildar)
- Nemendur í ÍSLE2BR fóru í vettvangsferð á Gljúfrastein á haustönn.
- Nemendur í þýsku fóru til Berlínar í október (26 til 30.10.) og var margt skoðað lært.
- Heimsókn var farin í AKG framhaldsskólann í Búdapest (Harpa og Kristján).
- Heimsókn nemenda og kennara frá Ungverjalandi, Lettlandi, Ítalíu, Spáni og Póllandi í október.
- Hercilio Costa frá Portúgal kom í heimsókn á Erasmus styrk og var í vikulangri „skuggaheimsókn“ (job shadowing) þar sem hann fylgdi eftir kennurum á tölvubrautum.

8.1.4. Erindi

- Helgi Gunnlaugsson prófessor í afbrotufræði kom í heimsókn og hélt erindi fyrir nemendur í félagsfræði.
- Ívar Valbergsson var með erindi á sal skólans um kulnun en erindið var á dagsskrá menntabúða.
- Ágúst Einþórsson bakari hélt erindi fyrir starfsbrautarnemendur.
- Berglind Dagný Steinadóttir og er fjármálaráðgjafi í Landsbankanum var með fjármálaráðgjöf til nemenda á starfsbraut.
- Kristján Geir Geirsson lögreglumaður var með erindi fyrir starfsbrautarnemendur.
- Þorvarður Guðmundsson forstöðumaður Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum kynnti Fjölsmiðjuna fyrir nemendum á framhaldsskólabraut.
- Veska A. Jónsdóttir hélt stutta kynningu á starfsemi Félags Þýskukennara í Leipzig (sem formaður stjórnar félagsins).
- Kennarar skólans héldu ýmsar kynningar um verkefni í þróunarstarfi við skólann (samvinna í kennslustofunni).
- Krístrún Guðmundsdóttir hélt erindi um skapandi skrif í Gunnarshúsi - húsi Rithöfundasambands Íslands.

8.1.5. Helstu innkaup á kennslubúnaði

- Fjárfest var í smátölvum og vélmennum til að kenna vélmennaáfanga (Robotics) á Tölvufræðibraut.
- Fjárfest í búnaði fyrir líffræði og réttarvísindaáfanga.
- Keyptur var þrívíddarprentari til að undirbúa kennslu á nýjum áfanga í þrívíddarhönnun sem kenndur verður á vorönn 2021.
- Keyptar voru tvær nýjar saumavélar og strautæki fyrir textíleild.
- Fyrir vélstjórn var keyptur búnaður til þess að kenna LOTOTO. Einnig voru keyptir Festo loft- og vökvahermar (endurnýjun)
- Fyrir sjúkraliðabraut var keypt hjúkrunarrúm, skjóltjöld, blóðþrýstingsmælir og vökvastandur.
- Málmsmíðabraut keypti eitt stk. MIG suða (pinnasuða)
- Hárgreiðsludeildin keypti 10 gínuhausa 5 hitajárn, 3 blásara og rakvél.



Frá námskynningu 10. bekkjar

8.2. Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað

8.2.1. Danska og þriðja mál

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Einar Trausti Óskarsson	SPÆN1SO05 SPÆN1TJ05	Í leyfi á vorönn
Ingibjörg Böðvarsdóttir	SPÆN1SS05	SPÆN1SO05 SPÆN1SS05
Luis Felipe Torres Meza		SPÆN1SO05 SPÆN1TJ05
Simon Cramer Larsen	DANS2LB05 DANS1LF05	DANS2LB05 DANS1LF05
Sumarrós Sigurðardóttir	DANS1ML05 DANS2LU05	DANS1ML05 DANS2LU05
Veska Jónsdóttir	ÞÝSK1ÞO05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05	ÞÝSK1ÞO05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05

Hvað gekk vel á önninni?

Krakkarnir voru duglegir að svara í INNU. Góðu nemendurnir fundu fyrir öryggi og höfðu að vinna verkefni í fjarnáminu. Þetta ýtti undir sjálfstæða vinnu og námsaðferðir. Jákvæðni hjá flestum sem mættu á Zoom fundi. (Takk fyrir stuðninginn Anna Kristín og Rósa og námstjórar). Gott að hafa náð að fara yfir kennsluefnið þrátt fyrir samkomubann. Samskipti við nemendur og foreldra.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Ritunarpátturinn. Mæting hjá sumum nemendum sem voru að vinna. Stigagjöf í Innuprófum. Bæta möguleika til að skrá rétt svar í eyðufyllingum. Það væri gott að geat séð Innuprófið sem nemandi fer í.

Nýjungar í kennsluháttum

Zoom kennsla. Teams, notkun myndbanda Power Point, upplestur, Innupróf (sem annars hefðu verið kaflapróf. Það þurfti að breyta talsvert og íhuga mismunandi þætti til mats. Öðruvísi munnlegt próf. Að kunna á einkunnareglu. Sprenging á vinnutíma (þurftum stundum að vinna til miðnættis).

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Upprifjunarverkefni til einkunnar því það byggir á upprifjun og upprifjunarglærur sem við bjuggum til saman, svo að nemendur gætu verið vissir um að hafa náð námsefninu. Innupróf virkuðu vel. En það þurfti að opna prófin oftara fyrir nemendur. Sumir nemendur sem ekki hafa sinnt náminu nógu vel í dagskólanum fengu að blómstra. Margir nemendur þurfa að fá leiðbeiningar til að átta sig á INNU og hvernig á að vinna með INNU.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Meiri quizz æfingar/quizlet, youtube myndbönd, vefsíður, upptökur, powerpoint kennsluhefti, munnlegar æfingar og bók á netinu.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Að sumir sterkir nemendur gætu fengið undanpágu í mætingu ef þeir skila verkefnum á réttum tíma og vel unnin á INNU. Þá munum við geta sinnt betur nemendum sem þurfa á því að halda. Nota meira Google Docs. Nota INNU meira. Þá hægt að hafa tíma fyrir annað. Hafa vinnubúðir um notkun Innu og deila reynslu sinni svo hún fyrnist ekki. Hafa suma fundi í framtíðinni sem Zoom fundi 😊

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Veska Jóns: Vika námskeið í Lübeck á vegum DAG, *Nútímaþýska og land og þjóð* (23. - 29.06.)

Veska Jóns: Vika í Leipzig, ráðstefna og námskeið - *Breytt viðhorf til þýskukennslu* (26.07. Til 02.08) og 11 og 12. október.

Veska Jóns: *Kvikmyndir í kennslu* í Reykjavík á vegum Goethe Institut í Kaupmannahöfn.

Veska Jóns: Dómari á IDO (Internationale Deutscholympiade) í Dresden – 27.07. Til 8. 8. 2020 (IDV borgar fyrir mig) verður haldin vefrænt og ég verð dómari við þrjár keppnir.

Ingibjörg sótti spænskukennaranámskeið í Ekvador sumar 2019

Ingibjörg sótti STÍL námskeið fyrir tungumálakennara.

Annað

Okkur langar að þakka stjórnendum, námstjórum og námsráðgjöfum að hafa haldið utan um fjarkennsluna svo vel og ekki takmarkað okkur í kennsluaðferðum okkar og ákvörðunum sem við þurftum að taka fyrir skilning og hrós og hafa verið alltaf til staðar fyrir okkur. Frábært samstarfsfólk, jákvætt og glatt.

8.2.2. Einyrkjar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Ása Valgerður Einarsdóttir, fagstjóri	SÝKL2SS05 SJÚK2MS05 HJÚK3ÖH05 LYFJ2LS05 VINN3ÖH08 VINN2LS08	HJÚK3FG05 HJÚK3LO03 LIOL2IL05 SASK2SS05 SJÚK2GH05 VINN3GH08
Ásdís Björk Pálmadóttir, fagstjóri	HÁRG1GB02 HÁRG2GB02 HPEM1GB02 HPEM2GB02 HKLIP1GB03 IÐNF1GB04 HLIT1GB01 TXHÁ1FH05 UMU1901	HÁRG2GC03 HPEM2GC02 IÐNF2GB04 KLIP2GB03 HKLI2GC03 HLIT2GB02 TXHÁ1FH05 UMU
Katrín Sigurðardóttir	FATA1SH05 FATA2SH05 FATA2FF05 FATA3LO10 HAND2HS05	FATA1SH05 FATA2SH05 FATA2FF05 HAND2HY05
Margrét Kristjánsdóttir	MATR1AM05 MATR1GR2	MATR1AM05
Sigríður Jónatansdóttir		HJÚK2HM05 HJÚK2TV05 VINN2LS08

Hvað gekk vel á önninni? Það sem mögulegt var að kenna í fjarkennslu gekk vel.

Kennt í tvær vikur eftir samkomubann og það gekk vel að klára. (textíl og hár). Verklegu námi var lokið hjá sjúkraliðum og bóklegi hlutinn kláraður í fjarnámi. Matreiðsla kláruð rafrænt með myndatökum, og þeir nemendur sem höfðu verið óstýrilátir í kennslustunum fyrir samkomubann unnu mjög vel heima í fjarnámi.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Leiðinlegt að missa úr nemendur sem skiluðu ekki verkefnum í samkomubanni þrátt fyrir eftirfylgni.

Nýjungar í kennsluháttum:

Fjarkennsla, prófagerð í INNU, Skil og yfirferð verkefna á INNU. Meiri einstaklingsnálgun með tölvupóstum, símhringingum og skilaboðum.

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Gekk vel að láta nemendur skila á INNU og að taka próf á INNU. Símat og jafningjamat, kaflapróf.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Hárgreiðslan tekur upp nýtt alþjóðlegt kennslukerfi LAB næsta haust.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Nýta INNU betur og læra meira á möguleikana þar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ásdís B. Pálmadóttir: Námskeið á vegum endurmenntunar í 4 daga.

Ása Valgerður Einarsdóttir: Promethian gagnvirkar töflur.



Frá menntabúðum

8.2.3. Enska

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Axel Gísli Sigurbjörnsson	ENSK1ET05 ENSK2GA05 ENSK2KO05	ENSK1ET05 ENSK2GA05 ENSK2KO05
Kristjana Hrönn Árnadóttir	ENSK2KO ENSK2OS05 LOKA3LV05	ENSK2GA05 ENSK2KO05 ENSK2OS05 ENSK3FO05 LOKA3LV05
Luis Felipe Torres Meza	ENSK2KO05 ENSK3YN05	ENSK3YN05
Ólöf Hildur Egilsdóttir, fagstjóri	ENSK3AO05 ENSK3FS05 ENSK1OS05	ENSK3AO ENSK2GA05 ENSK3FS05
Veska Jónsdóttir	ENSK1OS05	ENSK1OS05

Hvað gekk vel á önninni?

Gekk ágætlega að koma sér í fjarkennslu með góðri aðstoð. Samstarf á milli fagkennara gekk sérstaklega vel. Mikil ánægja með hversu margir nemendur héldu út og kláruðu önnina.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Hefði verið betra að fá meiri fyrirvara til að undirbúa heimakennslu. Kennsluumhverfi í INNU hélt aftur af fólki og var ekki nógu lipurt og þá í sambandi við spurningategundir og að setja verkefni í sem viðhengi. Yngri nemendur áttu sumir erfitt með að vinna í INNU umhverfinu. Mætti setja inn markvissa kennslu hjá nýnemum að læra vel á INNU. Kenna nemendum að senda tölvupóst með ítarlegri upplýsingum (hver er GONRO69).

Nýjungar í kennsluháttum

Já, fjarnám kennt í fyrsta skipti.

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Þurfum að vera með fjölbreyttara spurningarform þannig að reyni meira á hæfni nemenda. Mjög þægilegt að nota einkunnareglu í INNU.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Fréttir notaðar um það sem er að gerast á líðandi stundu. Tengir nemendur við hvað er að gerast í heiminum. Nota TED talks með efni sem tengist nemendum, einnig myndbönd notuð, Ted Ed.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Byggja á reynslu annarinnar til að endurskoða kennsluhætti. Gott væri að hafa aðstöðuna þannig að nemendur geti unnið beint í verkefnum á INNU svo þau þurfi ekki að vera að sækja skjöl og skila aftur inn skjölum sem kennarinn þarf svo að sækja til að fara yfir. Best væri ef hægt væri að vinna beint í tölvunni og kennarinn geti svo leiðrétt og gefið fyrir beint í kerfinu líka.

8.2.4. Framhaldsskólabraut - starfsbraut

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Ásta Birna Ólafsdóttir, fagstjóri	ÍSLE1AL05 LÍFS1AN05 FJÖL1FS05 NÁSS1GB05 STAR1PS05 ENSK1LS05	ENSK1MT05 ÍSLE1HÁ05 STAR1ST04 ÍSLE1SJ05 LÍFS1BE05 STAR1OG05 NÁSS1GB05
Helga Jakobsdóttir	FJÖL1FS05 STAR1PS05 ÍSLE1MB05 LÝÐH1GV02 STAR1RS05 TEXT1HÖ03	ÍSLE1SJ05 LÍFS1SK05 LSTR1SL03 SAMS1SS05 NÁSS1GB05 STAR1OG05 FJÖL1FS05 TAR1SH05 LÝÐH1XX02
Lovísa Larsen	ÍSLE1AL05	ÍSLE1SJ05
Magnús Einþór Áskelsson	FJÖL1FS05 STAR1PS05 NÁSS1GA05 LÝÐH1GV02 STAR1RS05 STÆR1PH05	ENSK1MT05 LSTR1SL03 SAMS1SS05 NÁSS1GB05 STAR1OG05 FJÖL1FS05 TAR1SH05 LÝÐH1XX02
Sunna Pétursdóttir	LÍFS1HN05 FJÖL1FS05 STAR1PS05 LÝÐH1GV02	LÍFS1SK05 LSTR1SL03 SAMS1SS05 NÁSS1GB05

	STAR1RS05 SAMS105	STAR1OG05 FJÖL1FS05 TAR1SH05 LÝÐH1XX02
Telma Rut Eiríksdóttir	LÍFS1HN05 FJÖL1FS05 STAR1PS05 ÍSLE1MB05 NÁSS1GA05 LÝÐH1GV02 STAR1RS05	LÍFS1SK05 LSTR1SL03 SAMS1SS05 NÁSS1GB05 STAR1OG05 FJÖL1FS05 LÝÐH1XX02
Pórunn Svava Róbertsdóttir	FJÖL1FS05 ÍSLE1MB05	ÍSLE1SJ05 STAR1SH05
Sigríður Gunnarsdóttir	NÁSS1GA05 LÍFS1HN05 FJÖL1FS05 LÝÐH1GV02 STAR1RS05 ENSK1LS05	
Margrét Alda Sigurvinsdóttir	STÆR1PH05	ENSK1MT05 LSTR1SL03 STÆR1EF05

Berglind Ólafsdóttir, Drífa Guðmundsdóttir og Helena Guttesen störfuðu sem stuðningsfulltrúar í 100% stöðu.

Hvað gekk vel á önninni?

Skynörvunarherbergið. Fjarkennsla í gegnum Facebook. Allt í sóma í Oklahoma. Samstarf við flugstöðina gott í starfsnámi og vel að öllu staðið.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Vegna kórónuveirunnar og vegna annarra úrræða eins og Virk, MSS og Hæfingarstöðvarinnar sem eru að fara á sömu vinnustaði og í svipuðum erindagjörðum voru margir sem komust ekki í starfsnám. Hefði verið betra ef kennari hefði verið á zoomfundi hjá Elínu vegna útskriftarnemenda. Hefði verið betra að fá meiri tíma með útskriftarnemendum (covid setti strik í reikninginn).

Nýjungar í kennsluháttum

Fjarkennsla og upptökur.

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Í ensku gekk vel að skipta óvænt í símat. Genius hours virkaði mjög vel.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Nýtt enskuhefti gekk mjög vel. Það var fjölbreytt.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Skoðað Teams. Skoðað umbunarkerfi fyrir mætingu. Þjóðað nemendum sem ekki treysta sér til að koma í kennslustundir að taka þátt í kennslustund í rauntíma. Setja okkur betur inn í Innu – kenna nemendum okkar markvisst á Innu. Setja íslykil/rafræn skilríki á innkaupalistann.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Fimm starfsmenn stunduðu háskólanám við Háskóla Íslands samhliða vinnu á skólaárinu. Einn var í þroskaþjálfarafræðum og fjórir í meistaranámi í sérkennslufræðum. Sunna Pétursdóttir þroskaþjálfari fór á námskeiðið: Kynheilbrigði: Hagnýtar kennsluáðferðir sem nýtast börnum og unglingum með þroskafrávik.

Annað

Þar sem útskriftin verður tekin upp þá væri áhugavert að taka upptökur úr útskrift og klippa saman myndband sem hægt væri að nota til að undirbúa nemendur fyrir útskriftardaginn.

Í byrjun annar er gott að ræða við nemendur sem eru að fara að útskrifast strax um kostnað í tengslum við útskriftina sjálfa, s.s. búning, útskriftarhúfu, útskriftargjald og fl. Svo ekkert kom þeim á óvart.

8.2.5. Íslenska og VITA

Kennarar og áfangar	Hautönn 2019	Vorönn 2020
Anna Karlsdóttir	ÍSLE1FA05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 VITA2VT05 LOKA3LV05	ÍSLE1FB05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 VITA2VT05 LOKA3LV05
Ester Þórhallsdóttir	ÍSÁN1BE05 ÍSÁN1DT05	ISÁN1NÆ05
Hulda Egilsdóttir, fagstjóri	ÍSLE1MR05 ÍSLE2BR05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05	ÍSÁN2AB05 ÍSLE2BR05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05
Jórunn Tómasdóttir	ÍSLE2LR05 ÍSLE2BR05	Í leyfi á vorönn
Kolbrún Marelsdóttir		VITA2VT05
Kristjana Hrönn Árnadóttir	VITA2VT05	

Krístúrín Guðmundsdóttir	ÍSÁN2BS05 ÍSÁN3BÓ05 ÍSÁN3NB05 ÍSÁN2AB05 ÍSÁN1BE05 ÍSLE3NB05 ÍSLE3BF05	ÍSÁN2BS05 ÍSÁN3BÓ05 ÍSÁN3NB05 ÍSÁN2AB05 ÍSÁN1BE05 ÍSÁN 600 ÍSLE3NB05 ÍSLE3BF05
Simon Larsen		VITA2VT05
Sumarrós Sigurðardóttir		ÍSLE1MR05
Þorsteinn Þorsteinsson	ÍSLE1ML05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05	ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05
Þorvaldur Sigurðsson	ÍSLE1ML05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05	ÍSLE1MR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05

Hvað gekk vel á önninni?

ÍSÁN gekk ágætlega – Einstaklingsmiðaður áfangi. Fjarkennslan kom vel út miðað við undirbúning.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Þeir sem minna máttu sín áttu dálítið erfitt í nýju fyrirkomulagi. Flestir þurfa nánd

Nýjungar í kennsluháttum

Æfa munnlega færni með myndbandsdagbókum. Fjarkennsla, tölvusamskipti og netpróf.

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Innuverkefni virkuðu ekki nógu vel enda greinilegt að þau skiptast á verkefnum. Nánd og samskipti skiptir miklu máli fyrir nemendur.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Ekkert nýtt á þessari önn. Allt gamalt og gott enda íslenskan íhaldssöm.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Nýjar skáldsögur, nýjar smásögur. Hugsanlega hafa ekki ritgerð heldur verkefni. Nándin og persónulegu samskiptin verða í hávegum höfð.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Anna: Íslendingasögunámskeið hjá EHÍ.

Anna: Skyndihjálparnámskeið 12 klst. Hjá Rauða krossi Íslands.

Hulda: Skapandi skrif- sumarnámsskeið á vegum Samtaka móðurmálskennara haldið í samvinnu við EHÍ.

Hulda: Íslendingapættir - Íslendingasögunámskeið hjá EHÍ á haustönn.

Annað

Nei, nei sumarið er tíminn

8.2.6. Íþróttir

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Andrés Eyjólfsson	ÍPRF2SS05 LÝÐH1HF05 LÝÐH1HF05 LÝÐH1GV02 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1DL01 ÍPRÓ1DL01 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1GB01	ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1DL01 ÍPRF3LH05 ÍPRG2BA04 LÝÐH1XX02 LÝÐH1HF05 ÍPRÓ1VE01 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1GB01
Gunnar Magnús Jónsson, fagstjóri	ÍPRF2PJ05 ÍPRG2HA05 ÍPRÓ1AL01 KARF1AA08 KARF2AA08 KNAT1AA08 KNAT2AA08 LÝÐH1HF05	ÍPRF2SÁ05 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1BO01 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1GB01 ÍPRÓ1LE01 LÝÐH1HF05
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	ÍPRF3NÆ05 ÍPRÓ1AL05 ÍPRÓ1DL01 ÍPRÓ1LE01 LÍOL2SS05 LÝÐH1HF05	ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1DL01 LÍFS1FB04 LÍOL2SS05 LÝÐH1HF05 NÆRI2NN05

Hvað gekk vel á önninni?

Allt gekk vel fram að samkomubanni. Eftir það gekk ágætlega að út frá aðstæðum.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Við hefðum mátt halda okkur við eitt app. (Göngu/Hlaupa) og hafa ennþá betri upplýsingar um hvernig verkefni ætti að skila. Fundum út að Walkmeter er appið sem má eingöngu nota.

Nýjungar í kennsluháttum

Leyfa þeim að nota síma til að staðfesta hreyfingu sína, alfarið v. samkomubanns

Vikulega hvatningar inn á INNU

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Námsmati var breytt vegna samkomubanns. Mæting var lätin gilda 100%. Prófbættir voru teknir út. Hefðum mátt setja hærri viðmið varðandi fjölda á skiluðum tímum til að fá 10 í lokaeinkunn.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Eigum eftir að nýta okkur betur þá reynslu sem við öðlumst við notkun á mismunandi gönguöppum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kristjana fór á helgarnámskeið í Spartan þjálfun á vegum Kettlebell Iceland. Farið yfir líkamlega þjálfun, andlega og „motivation“.

Andrés fór á námskeiðið „Núvitund, hópefli og tilfinningagreind, leikur að læra“ (3 daga námskeið á vegum endurmenntunarferða).

Annað

Það fór mjög mikil vinna í að halda utan um fjarkennsluna. Nemendur skiluðu í margvíslegum öppum og þurfti að rýna vel í gögnin. Sumir reyndu að nýta sér tæknina til að setja inn sínar eigin dagsetningar á skjáskot. Það þurfti því oft að senda pósta (persónulega) á nemendur til að biðja þau um betri gögn. Nemendur voru ekki allir að lesa leiðbeiningar og þurftum við því að eyða miklum tíma í að finna gögnin þeirra þrátt fyrir að skilaboðin hafið verið margendurtekin um hvernig skila ætti. Tímarnir bárust oft í gegnum netpóst, Facebook, skilahólf á INNU (þar sem þau áttu að skila) sms, pósthólfi á INNU og með bréfdúfu. 😊

8.2.7. Listir

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Bragi Einarsson	MYND2GM05 MYNL2AT05 MYNL2TA05 UPPL2TU05	MYND2GM05 TEIK1TV05 UPPL2TU05 VEFH2HÖ05
Íris Jónsdóttir, fagstjóri	SJÓN1LF05 SJÓN1TF05 TEIK1TE05 MYNL3LM05 MYNL3MÁ05	MYNL2FF05 MYNL2MA05 MYNL3PR05 MYNL3TB05 MYNL3LO10
Ingibjörg Böðvarsdóttir	SJÓN1LF05 SJÓN1TF05	TEIK1TE05
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	GRT1FF05 ITEI1GB05 LISA1HN05 LISA2RA05 LISA3ÍS05-U	GRT1FÚ05 ITEI2GB05 LISA2AR05 LISA3ÍS05-U

Hvað gekk vel á önninni?

(Bragi) gekk vel að halda utan um hópinn. Góðir hópar. Samskiptin gengu vel (Facebook-tölvupóstur) Arkitekt- og hönnunarsaga gekk vel, nemendur unnu verkefnin áfram heima og verkefni í skissubók.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Virgni nemenda hefði mátt vera betri. ITEI2GB05 hópurinn var ekki alltaf í listastofu. Blandaður hópur sem hefði þurft að hafa fasta stofu.

Nýjungar í kennsluháttum

Fjarkennsla-upptökur. Skissubók í listasögu (Sólveig) Útskriftarhópur í myndlist hélt kynningu fyrir fulltrúa Reykjanesbæjar, tekin upp myndbönd og viðtöl.

Námsmat

Virkaði ekki vel að nemendur ynnu heima prófverkefni í grunnteikningu. Rafræn skil virkuðu vel samt. Námsmatið var í formi verkefna/möppuskil í myndlistaráföngunum og í rafrænu formi í upplýsingatækni. Símat og kannanir.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Fyrirlestrar-myndbönd og kynning á nýjum hugbúnaði á netinu. Reynslan misjöfn eftir nemendum.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Mun nota meira myndbandsupptökur fyrir grafíska miðlun.

Nota einkunnareglu á INNU.

Útskriftarhópur haldi kynningu fyrir kennara og t.d. tvo aðra listnámskennara um sitt lokaverkefni, fái gagnrýni og spurningar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Íris Jónsdóttir: Fluid Art-Resin Art.

Bragi Einarsson: 10 daga námsskeið á Írlandi - Námskeið í vatnslitum. Myndlistaskóli Kópavogs - Námskeið á vegum 3f í vor.

Annað

Hugmynd að hafa mismunandi miðla til verkefnaskila í söguáföngunum, vídeó, málverk og fl. Podcast t.d. kynna eina listastefnu með miðla að eigin vali.

Hugmynd um að hafa meira samtal á milli áfanga í listnámi.

8.2.8. Málm- og vélstjórnargreinar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Ágúst	SUÐA1SS05 SUÐA1SS05 SUÐASSO5 MLSU1VA03 MLSU1VA03 HSU-2024	Í leyfi á vorönn
Ívar Valbergsson, fagstjóri	VÉLS3VB04EV STÝR1VA04AV	VÉLS2VA04 VFR 213 VST 312 VTÆ 102
Jónas Eydal Ármannsson, fagstjóri	SMÍÐ1VA04(AV)-1 SMÍÐ1VA04(AV)-2 RENN2VB03(AV)-1 VIS102-1 IÐNTE1VB04(AV)-	MALM1MA05 SMÍÐ1VB04 ITM 136 MLSU2VB03 SUÐA1SS05
Þórarinn Ægir Guðmundsson	VELS1VA04 RAMV1VA04 VFR213(U)	HÚSA3HU09 HÚSA3PÚ09 TRÉS1VÁ05 HÚSA1KY05 UMU

Hvað gekk vel á önninni?

Gekk vel framanaf þrátt fyrir Covid. Tókst að ljúka þessu á ásættanlegum tíma.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Vantaði kennslugögn í bóklegt efni t.d. fyrir sameinaða áfangann úr SMÍ og Efnisfræði.

Nýjungar í kennsluháttum

Bókleg verkefni í suðu færð í rafrænt form.

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Próf í bóklegum þáttum og símat í verklegum.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Verkefnin tekin og bútuð í smærri einingar, sýnidæmi færð yfir í fyrirlestraform.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Bæta við fyrirlestrum, meiri áhersla á undirbúning fyrir tíma. Miða verklegar æfingar við bókleg verkefni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Þórarinn Ægir Guðmundsson: Rafmagnsreglugerðir 1., Rafmagnsreglugerðir 2.



Frá skemmtikvöldi útskriftarnemenda með starfsfólki

8.2.9. Rafvirkjun

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Björgvin Jónsson, fagstjóri	LÝS 103 RAFL1GA03 RAFL1GC03 RAL 503 RER 103 STÝR1GA05	IÐTE2VBO RAFG1KY05 RAFL3GB03 RAFL3GD03 RAM 602 STÝR2GB05
Garðar Þór Garðarsson	FRL 203 RAFG1KY05 RAM 502 RAM 702 RAT 102 STR 503 TNTÆ1GA03 FRL 103-RAF 453 utan skóla	RAL 603 FRL 103 STR 603 RAFM2GB05 TNTÆ2GB05 RAF 453 VSM 203 utan skóla
Hlynur Heimisson	RAFM1GA05 RLT 103 RÖK 102 TNTÆGC05 VGRT1GA03 VGRT2GC04	RAFM2GB05 RAFM3GD05 RLTK2RB05 VSM 103
Sverrir Gunnarsson	RAFG1KY05 (2) RAFL1GA03 (2) RAFM2GC05 (1) RATM2GA05 (1) STÝR1GA05 (2) VGRT1GA03 (2)	RAFL1GB03 RATM2GB05 RLT 203 RRV 103 RRV 203 STÝR2GB05 VGRT2GB03 VLV 103

Hvað gekk vel á önninni?

Gekk vel, önnin hefðbundin fram að Covid.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Covid 19 setti strik í reikninginn en kennsla eftir samkomubann bjargaði miklu.

Nýjungar í kennsluháttum

Rafræn heimapróf. Nýttum FAB-LAB stofu í verkefni.

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Símat, sleppikerfi/lokapróf.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Rafbók.is hefur verið uppfærð. Kennsluefni frá kennara.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Garðar Þór Garðarsson: Námskeið í raunfærnimati. Dali.

Björgvin Jónsson: Námskeið í raunfærnimati.

8.2.10. Raungreinar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Ásgeir Ólafur Pétursson	EÐLI2AF05 EÐLI3BY05 STJÖ2AI05	EÐLI2AF05 EÐLI3VS05 STJÖ2AL05 STÆR2AR05
Ester Þórhallsdóttir	JARÐ2AJ05 SNAT1NÁ05	JARÐ2AJ05 LOKA3LV05 RÉVÍ2KR05 SNAT1NÁ05
Guðmundur Grétar Karlsson	EFNA2LM05 EFNA2GE05 EFNA3RA05	EFNA2GE05 EFNA2LM05 EFNA3LR05 LOKA3LV05
Harpa Kristín Einarsdóttir	SNAT1NÁ05 LÍFF2LE05 LÍFF2LÍ05 VITA2VT05 STÆR2AR05	SNAT1NÁ05 LÍFF2LE05 LÍFF2ML05 RÉVÍ2KR05 LOKA3LV05
Haukur Viðar Ægisson	LÍFF2ML05	LÍFF2ML05 LÍFF3ER05 LÍFF3LÍ05 SNAT1NÁ05

Hvað gekk vel á önninni?

- Allt sem gerðist fyrir 15. mars.
- Fyrsta skipti sem allir náðu LÍFF2ML05.
- Nemendur sem ekki höfðu sinnt náminu nægilega vel fram að samkomubanni náðu sér á strik (sumir).
- Gekk vel að breyta yfir í fjarkennslu í líffræði og SNAT
- Gekk vel með jarðfræðina – Jákvæðir krakkar þurftu að sýna ábyrgð og sjálfræði.
- Sveigjanleiki að hafa próf á ákveðnu tímabili.
- Skýr skilaboð – Vikuskilaboð/vikuáætlun virkaði vel.
- Nemendur nýttu sér myndbönd sér til aðstoðar.
- Gekk vel að nota podcast/videodagbækur.
- Zoom fundir gengu vel.
- Hægt að fylgjast með skilum og virkni nemenda í INNU.
- Náðum að spara pappír.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

- Nemendur ekki góð í að búa til myndbönd, þarf að kenna og kennarar þurfa þá líka að kunna á tæknina.
- Gekk illa að aðstoða í prófum í gegnum tölvupóst. Betra að nota síma
- Stór hópur í RÉVÍ, erfitt fyrir verklegt.
- Stór hluti nemenda í stærðfræði urðu óvirkir í samkomubanni.
- Náðum ekki alltaf að opna skjöl sem nemendur sendu okkur.
- Skoða hvernig við getum notað kerfin til að fara yfir verkefni í stað þess að prenta þau út og fara yfir þau handvirkt.
- Gerð videoa í powerpoint og vistun í INNU gekk upp og ofan.
- Lítil tengsl við nemendur (fjarlæg).
- Spjallþræðir á INNU virku almennt ekki vel.
- Kennarar voru að bóka nemendur í kennslutíma annarra.

Nýjungar í kennsluháttum

Zoomfundir, spjallþræðir, video, upptökur, öðruvísi verkefni, heimapróf svara skriflegum spurningum í stjörnufræði, kynningar sem voru á Zoom. Munnlegt próf sem Podcast.

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

- Skilaverkefni í fjarnámi virkuðu ekki (eðlisfræði).
- Heimapróf virkuðu vel og endurspegluðu getu nemenda en síður í verkefnum.
- Heimatilraunir virkuðu vel.
- Videodagbækur.
- Að láta nemendur bara skila niðurstöðum úr verklegum æfingum sem giltu ekki til einkunnar virkaði ekki. Það voru léleg skil.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Almennt lélegt framboð af kennslubókum í líffræði, umhverfisfræði og jarðfræði.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Breytingar í SNAT. Meira í umhverfisáttina, mögulega að hægt sé að getuskipta.
- Breyta kröfum varðandi sleppikerfi í eðlisfræði. Lækka kröfur.
- Nota atriði úr fjarkennslunni í hefðbundinni kennslu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Guðmundur Grétar sótti námskeið við HÍ um Starfstengda leiðsögn.
- Þrír raungreinakennarar fóru til Danmerkur á kennaranámskeið á vegum Science Talenter - markmið að læra að ná til þeirra sem hafa eitthvað meira en meðal nemandinn. Mikilvægt að allir hópar skólans séu sýnilegir og fái kennslu við hæfi. Svo er bara spurningin hver útfærslan ætti að vera.
- Ester sótti sumarnámsskeið um jökla á vegum Endurmenntunar og Félags raungreinakennara.
- Ester sótti haustráðstefnu Félags landfræðinga.
- Harpa Kristín sótti námskeið hjá Rannís fyrir verkefnastjóra.

8.2.11. Samfélagsgreinar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Anna Rún Jóhannsdóttir	SÁLF3ÞS05 SÁLF2HS05 SÁLF3LÍ05	SÁLF2HS05 SÁLF3SM05 SÁLF3ÞS05
Atli Þorsteinsson	LOKA3VL05 SAGA2HÍ05 SAGA3ÞV05 SNAT1SA05	LOKA3LV05 SAGA2HÍ05 SAGA3MÍ05 SAGA3SF05 SNAT1SA05
Bogi Ragnarsson	FÉLA2ES05 FÉLA3AB05 FÉLA3AH05	FÉLA2ES05 FÉLA3AH05 FÉLA3HE05 FÉLA3KS05 FÉLA3RA05
Finnbjörn Benónýsson	FÉLA3KS05 KYNJ2KJ05 SNAT1SA05 LOKA3LV05	KYNJ2KJ05 HEIM2AH05 FÉLA2ES05 SNAT1SA05 LOKA3LV05

Hlynur Ómar Svavarsson	HAGF2PF05 VIFR2MF05 VIFR3FK05	VIFR3LF05 VIFR3MR05 HAGF2RH05
Kolbrún Marelsdóttir	LÍFS1ES05 LÝÐH1HF05	LÝÐH1HF05 LÝÐH1FA05
Lovísa Larsen	FÉLA3ST05 LOKA3VL05 UPPE2AU05 UPPE2MU05	FÉLA3ST05 LOKA3LV05 SIÐF2SÁ05 UPPE2AU05 UPPE3MU05
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	BÓKF2BF05	BÓKF2BF05 BÓKF2BT05

Hvað gekk vel á önninni?

Gekk vel að færa yfir í fjarkennsluna. Samskipti við aðra kennara og nemendur gekk vel. Nemendur áttu auðvelt með að skipta yfir í fjarkennsluna. Tæknilegar lausnir sem við höfðum aðgang að gekk vel. Nemendur standa sig vel sem höfðu tekið fjarnám áður. Kom meiri sköpun frá nemendum eftir að þeir fóru í fjarnám.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Tæknibúnaður. Halda eina kennslustund online í viku, ekki beint í fjarnám. Hefði haldið nemendum betur við efnið. Hefði mátt undirbúa nemendur vikuna áður en bannið skall á (hvort sem bannið hefði eða ekki). Spurning með að skrá mætingu. Hefði þurft að vera meiri samfella á milli áfanga, mikið stress hjá nemendum að hafa þetta á marga mismunandi máta.

Nýjungar í kennsluháttum

- Umræður á neti.
- Próf á INNU.
- Meira verið að skoða þekkingu á þessari önn heldur en leikni
- Setti vikuáætlun fyrir hverja viku (reyndist mjög vel).

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

- Skrifleg vinnubók sem virkar mjög vel.
- Innan virkaði vel.
- Erfitt að búa til próf sem ekki voru of erfið og ekki of auðveld.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

- Vefleiðangursforrit í lögræði virkaði vel.
- Heimasíðugreiningar í félagsfræði virkaði vel.
- Rafrænar kennslubækur í félagsfræði virkuðu vel.
- DSM 5 kennslubók í sálfræði virkaði vel.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Á fara meira í prófagerðarpælingar í Kahoot.
- Stofna hóp i tengslum við INNU.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Atli og Lovísa sóttu ráðstefnu í Hollandi um málefni líðandi stundar á vegum Rannís.
- Atli og Lovísa sóttu námskeið hjá Endurmenntun - Nýtt stríð í vændum? Íran og Bandaríkin – Spennan í Persaflóa.
- Lovísa sótti námskeiðið Bubbi í Borgarleikhúsinu.
- Kolbrún: KVAN fyrir kennara, nokkrir lykilar að árangri: Faglegar og tæknilegar nýjungar í kennslu félagsgreina.

8.2.12. Stærðfræði

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Ásgeir Ólafur Pétursson		STÆR2AR05
Gunnlaugur Sigurðsson	STÆR2AH05 STÆR2VH05 STÆR3HI05 STÆR3ÞR05	STÆR2VH05 STÆR3AF05 STÆR3DF05 STÆR3HI05 STÆR4SG05
Haukur Viðar Ægisson	STÆR1AR05 STÆR1PA05	STÆR1AR05
Inga Lilja Eiríksdóttir	STÆR2AR05 STÆR2TL05 STÆR2VH05	STÆR2AR05 STÆR2AH05 STÆR2VH05 STÆR2TL05
Jón Gunnar Schram	STÆR1AR05 STÆR2AR05	STÆR1AR05 STÆR2AR05
Margrét Alda Sigurvinsdóttir	STÆR1PA05	STÆR1PA05 STÆR1AR05
Ragnheiður Gunnarsdóttir, fagstjóri	STÆR2AH05 STÆR3DF05	STÆR2AH05 STÆR3DF05
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	STÆR1AR05 STÆR1FA05 STÆR2TL05 STÆR3ÁT05	STÆR1FB05 STÆR2TL05 STÆR3ÁT05

Hvað gekk vel á önninni?

Fjarkennslan gekk vel. Kennurum gekk vel að breyta kennslunni, langflestir. Duglegir nemendur nýttu sér það sem var í boði en STÆR1AR og STÆR1PA voru duglegir nemendur sem hættu til að vinna. Fengum þá aðstoð sem við þurfum og hjálpuðumst að.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Ef við hefðum fengið að undirbúa nemendur undir fjarnámið.

Nýjungar í kennsluháttum

Kennslumyndbönd, talglærur, nota próf og verkefni í INNU, kennsla í gegnum Zoom hjá sumum.

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

- Tímaverkefni virka vel.
- Heimapróf býður upp á að nemendur svindli.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Ný bók í STÆR3DF05 að mörgu leiti góð en líka með göllum. Kennslumyndbönd gengu vel í fjarkennslunni.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Munum nota það efni sem búið var til í samkomubanninu sem hjálparefni, t.d. fyrir þá missa af tíma.
- Breyta STÆR1AR05 (of mikil keyrsla, einhæft).

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Jón Gunnar sótti námskeiðið *Vistkerfi sjávar*, Samlíf, 3 dagar.
- Ragnheiður, Hanna, Inga Lilja og Þjóðbjörg sóttu námskeiðið *Thinking Classroom* í stærðfræði.

Annað

Höfum heyrt að sumir skólar hafi greitt álitlegar upphæðir til kennara fyrir aukið álag og breytingar. Fundum fyrir aukinni streitu og álagi sérstaklega í byrjun. Hvernig væri að allir fengju aðlúðarflokk næsta vetur?

8.2.13. Trésmíði

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Bjarki Ásgeirsson	HÚSA1KY05(1) TRÉS1HV08(1) TRÉS1HV08(2)	HÚSA1KY05(1) TRÉS1VT08(1) TRÉS1VT08(2) SVH1024(1) HÚB1024(1)
Björn Sturlaugsson	BYGG 103 EFRÆ1EF05 TEIK 2HS05 TEH 203 TEH 303 TTÖ 103	FRVV1FB05 (tveir hópar) GRT 203 (GRTEFÚ05) LHÚ108 (½ á móti GV) TEK2HS05 TEK2HH05 TEH303 TRS102 (½ á móti GV)
Gunnar Baldvin Valdimarsson, fagstjóri	HÚSA3HU09 HÚSA3ÞÚ09 TRÉS1VÁ05 HÚSA1KY05 UMU	LHÚ 104 TRS 102 ÁGS 102 TST 101 GLÚT2HH08 INNR2HH08 INNK2HH05 HÚSA1KY05

Hvað gekk vel á önninni?

Allt gekk vel á önninni miðað við aðstæður.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Covid 19 setti strik í reikninginn en allt gekk upp að lokum.

Nýjungar í kennsluháttum:

Fjarnám.

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Símat og kaflapróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bjarki Ásgeirsson: Timburhús 1 og 2-löðan.

8.2.14. Tölvufræðigreinar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Ásgeir Gunnarsson		VFOR3NO05 FORR2LE05 – Grunnskóli (afleysing v/ orlofs)
Gísli Ragnarsson	FORR2GF05 FORR2LE05 - Grunnskóli HESI2HK05 UPPL1FA05 VFOR1GR05 VFOR3BG05	FORR2LE05 VFOR3NO05 VEFH2HÖ05 FORR2LE05 – Grunnskóli (orlof frá 1.3-31.5)
Hermann Jens Ingjaldsson	GAGN1GR05 USFS2AD05 TÖTÆ2NE05 FORR3HC05 FORR2FF05	FORR3R05 FORR2GD05 LINU2KE05 VFRO2GR05 FORR3PH05
Rósa Guðmundsdóttir, fagstjóri	UPPL1FA05 TÖUS1UB05 USFS1ES05 TÖTÆ1GR05 LOKA3LV05	WIND2UP05 UPPL2TU05 (FN) TÖTÆ2FR05 LOKA3LV05 FORR2LE05 (afleysing v/ orlofs)

Hvað gekk vel á önninni?

Námsefnið tók framförum. Verkefnaskil nemenda voru nokkuð góð. Innleiðing í Innu gekk vel í öllum áföngum.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Covid. Þátttaka nemenda á Zoom fundum hefði mátt vera meiri.

Nýjungar í kennsluháttum

Fjarkennsla, umræður á Innu, Zoom, kennslumyndbönd. Byrjuð að nota three.js í jsf-forritun. Construct 3 notað í leikjaforritun sem er alfarið á vefnum. Að sitja meðal nemenda í vinnulotum bætir árangur.

Námsmat – Hvað hefur virkað vel – Hvað ekki?

Rúbríks matskvarðar.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – Hver er reynslan?

Allt kennsluefni á heimasíðu, kom vel út og nemendur urðu að nýta síðuna við námið.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Það þarf að kenna öllum nemendum að nota kennslukerfin svo þeir viti hvað snýr upp og niður á þeim (INNA og Moodle). Gömlum og nýjum nemendum þarf að kenna á efni – umræður – próf – einkunnir.

Annað

- Kannski þarf að hafa í huga þegar kennsla fer af stað í haust að alveg megi búast við nýjum Covid- 19 faraldri og að kennarar hafi það í huga þegar þeir skipuleggja kennsluna fyrir veturinn.
- Tövuðeild þarf að skoða Fusion 360 forritið og undirbúa kennslu í þrívíddarhönnun og prentun sem hefst næstu áramót.
- Róbótafræðin heldur áfram að þróast og nú er hægt að nota Web Socket og tengjast með síma til að kynna, sýna og stjórna.

8.3. Námstjórar

Nýtt starf námstjóra var sett af stað í upphafi skólaársins. Það urðu breytingar á hópaskiptingu þannig að þeir starfsmenn sem tilheyrðu áður sviðstjóra málavíð og sviðstjóra stærðfræði og raungreina stokuðust upp ásamt kennurum tölvugreina. Önnur svið héldu sér nokkurn veginn. Verkefni námstjóra eru m.a. að sjá um skipulagningu funda, gefa út Andapóst og taka stutt starfsmannaviðtöl. Kosið var í byrjun skólaárs um nafn á fundina þar sem hver námstjóri hittir sitt fólk og varð nafnið *Námsfundur* fyrir valinu.

Í ágúst 2019 fóru námstjórar á námskeiðið: *Að stjórna jafningjum* - Þekkingarmiðlun.

Námstjórar þakka fyrir lærdómsríkt og gefandi skólaár.

Tekið saman af:

Guðmundur Grétari Karlssyni

Katrínu Sigurðardóttur

Rósu Guðmundsdóttur

Þórunni Svövu Róbertsdóttur

9. Skýrsla bókasafns

Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari og ljósritunarvél. Safnkostur safnsins er skráður í landskerfi bókasafna, Gegni. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Guðrún Einarsdóttir bókavörður sem hóf störf í upphafi vorannar 2020 en Maríanna Einarsdóttir lét af störfum um áramót eftir að hafa starfað á safninu frá 2008.

Skólaárið 2019-2020

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:00 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Alls var safnið því opið 39 tíma í viku. Aðsókn að safninu var mikil og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Útlánunum hefur fækkað undanfarin ár en lán innan safns/skóla eru mjög mörg. Það er m.a. vegna breyttra kennsluaðferða en nemendur nota heimildir minna en áður en vinna meira sjálfir og nota þá aðstöðu, búnað og safngögn á staðnum. Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í um 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista. Starfsemi safnsins breyttist mikið á vorönn vegna Covid-19. Safnið var lokað á meðan skólinn var lokaður vegna samkomubanns en erindum var sinnt í gegnum tölvupóst. Safnið opnaði aftur þegar starf í skólahúsnæðinu hófst aftur að hluta en var með breyttu sniði vegna smitvarna og breyttra kennsluaðferða.

Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2019-2020	Safnkostur		Aðföng 2019-2020	
Bækur	89	16.621		Keypt	88
Myndefni	17	1.147		Aðsent	7
Hljóðefni	0	247		Gjafir	11
Hljóðbækur	0	69		Kennslubækur	4
Annað	0	11			
Afskrifað: 353					
Samtals	106	18.095			

Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	0	500 Raunvísindi	6
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	6	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	4
200 Trúarbrögð	2	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	19
300 Samfélagsfræðigreinar	9	800 Bókmenntir	50
400 Tungumál	1	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	9

Tímaritaáskriftir: 30

Auk þess berast safninu nokkur ókeyps tímarit auk fréttu- og dreifibréfa.

Útlán

Heimlán: 393

Millisafnalán: 8

Lán innan safns/skóla: 5.497 (haustönn 3.332, vorönn 2.165)

Guðmann Kristþórsson, forstöðumaður bókasafns, tók saman.



Frá útskrift haust 2019

10. Skýrsla námsráðgjafa

Inngangur

Á skólaárinu voru þrír námsráðgjafar starfandi við skólann. Guðrún Jóna var í 100% stöðu, Sesselja var í 83,75% stöðu og Ester var í 75% stöðu. Sunna var í námsleyfi á önninni og Ester Þorsteinsdóttir leysti hana af. Auk þess var Ester í 25% stöðu sem mætingarstjóri.

Nemendafjöldi á haustönn 2019 var 960 og þar af voru grunnskólanemendur 105. Á vorönn 2020 voru nemendur 939 og þar af voru grunnskólanemendur 97.

Verkaskipting námsráðgjafa

Guðrún Jóna hefur haldið utan um greiningar og sá um að uppfæra aðstoðarlistann og koma upplýsingum áfram til kennara varðandi nemendur með dyslexíugreiningar í upphafi beggja anna. Guðrún Jóna var með ferilskrá og starfsumsóknir hjá útskriftarnemendum á haustönn. Guðrún Jóna var tengiliður Netsins sem er samstarfsverkefni FS og Grindavíkurbæjar á skólaárinu og hún á sæti í áfallateymi skólans.

Ester hafði umsjón með fornámshópum á báðum önnum og tók viðtöl við tilvonandi fornámsnemendur og foreldra þeirra í lok vorannar. Í starfi mætingarstjóra sá Ester um nemendur sem teknir voru inn í skólann á skilyrðum í vetur og voru í viðtölum og eftirfylgd hjá henni.

Sesselja hélt utan um skipulagningu og framkvæmd Nýnemadagsins sem haldinn var í upphafi haustannar 2019. Sesselja var tengiliður Flugsins sem er samstarfsverkefni FS og Suðurnesjabæjar á skólaárinu. Hún hafði umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf á haustönn. Sesselja hafði umsjón með námstækninámskeiði og prófkvíðanámskeiði á haustönn. Sesselja hélt utan um málefni skiptinema sem voru tveir á haustönninni en einn á vorönninni.

Guðrún Jóna hélt utan um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum og eins móttöku grunnskólanema í 9. bekk sem komu í heimsókn til okkar á vorönn. Allir námsráðgjafar tóku þátt í kynningunum. Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika. Allir námsráðgjafar tóku viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi og fylgdust námsráðgjafar sérstaklega með nemendum á framhaldsskólabrautum. Auk þess hafa námsráðgjafar haft samband við þá nemendur í lok anna sem ekki hefur gengið nógu vel í náminu.

Á haustönn 2019 fengu allir námsráðgjafar hver sinn hóp af nemendum sem voru á framhaldsskólabraut. Þessir nemendur voru í áfanganum Nemandinn og skólinn eða NEMO og voru námsráðgjafar umsjónarkennarar þessara áfanga. Áfanginn var tvisvar sinnum í viku og gaf nemendum eina einingu sitthvora önnina. Farið var í ýmis hagnýt atriði í áfanganum eins og kynningu á skólakerfinu, sálfræðingum skólans, námstækni, prófkvíða, sjálfsstyrkingu, samfélagsmiðla og fleira sem tengist námi og líðan nemenda. Á vorönn 2020 var sama fyrirkomulag og hver námsráðgjafi með sinn umsjónarhóp í NEMO.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og áfangaval. Námsráðgjafar sáu um að leiðbeina nemendum í námstækni og prófkvíða. Á vorönninni var tekin sú ákvörðun að hafa námskeið í prófkvíða einstaklingsmiðaðri og því voru ekki sérstök námskeið auglýst heldur komu nemendur til námsráðgjafa og voru einir.

Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Námsráðgjafarnir hafa aðstoðað skólaráð og haft samband við nemendur þegar þörf er á. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir.

Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Þegar val tímabilið hefst í skólanum koma mjög margir nemendur til þess að velja hjá námsráðgjöfum. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s. námstækni, upplýsingar um aðgengi að Hljóðbókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina **Í leit að starfi** en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun.

Áhugasviðsgreiningin, Í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar að höfðu samráði við nemendur. Einnig er sendur póstur á kennara með leyfi nemenda varðandi sérstök mál sem geta komið upp. Þetta er gert í upphafi hverrar annar og einnig þegar sérstök atvik koma upp.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Hljóðbókasafnið ef þörf er á. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Það voru um 139 greiningar um lesblindu hjá nemendum FS á haustönn en 133 greiningar á vorönn 2020. Auk þessara greininga hafa námsráðgjafar upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Tveir nemendur voru með greiningu um stærðfræðiblindu báðar annir.

Á þessu skólaári voru um 70 greiningar um nemendur með ADHD eða ADD. Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á og að höfðu samráði við nemendur.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hóp. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum. Nemendum gefst einnig kostur á að taka kaflapróf í einrúmi með námsráðgjafa vegna sérstakra aðstæðna ef þess er óskað og hafa þó nokkrir nemendur nýtt sér það.

Þeir nemendur sem vilja fá að taka prófin í einrúmi fer stöðugt vaxandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur (sem eru þó saman í stofu). Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil. Á haustönn 2019 voru 50 nemendur sem sóttu um sérúrræði í lokaprófum. Fækkun umsókna um sérúrræði má eflaust rekja til breytinga í námsmati.

Á skólaárinu var boðið uppá sálfræðiþjónustu við skólann þar sem einn sálfræðingur hafði fasta viðveru í skólanum þriðjudaga og miðvikudaga. Nemendur gátu nýtt sér opna tíma fyrir stutt viðtöl í 10 mínútur eða sótt um að sækja þjónustuna annaðhvort hjá námsráðgjöfum eða hjá sálfræðingnum sjálfum. Þessi þjónusta var vel nýtt allan veturinn.

Fornám

Haustið 2019 byrjuðu 22 nemendur í fornámi og komu nemendur í viðtal ásamt forráðamanni til Sunnu námsráðgjafa. Þessi viðtöl voru í júní strax að lokinni innritun og í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámslínu kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Strax í byrjun skólaárs hættu tveir nemendur og einn hætti um áramót.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar vikulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

Á vorönn er vaninn að halda foreldrafund með kennurum og námsráðgjafa til að fara yfir stöðu námsefnis brautarinnar. Þar sem vorönn 2020 var heldur óvenjuleg var slíkur fundur ekki haldinn.

Starfsbraut

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut og funda námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan FS er varðar nemendur á starfsbraut ef þess er þörf.

Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar nemenda í 10. bekk hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað.

Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt.

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

Í mars var haldin kynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum.

Námskeið og fagfundir

Sesselja fór á námskeiðið Sterkari út í lífið í febrúar sem er um sjálfstyrkingu ungs fólks.

Námsráðgjafar sóttu námskeið á vegum endurmenntunar í jákvæðri sálfræði í júní. Guðrún Jóna var á Zoom en Ester og Sesselja fóru í höfuðborgina.

Fundir innan FS

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans. Námsráðgjafar úr grunnskólum á svæðinu komu á fund í FS í febrúar þar sem kynningar FS í grunnskólum voru ræddar.

Skólaheimsóknir

Allir 10. bekkingar á svæðinu fengu kynningu frá námsráðgjafa FS á haustönn og þar var m.a. kynnt inntökuskilyrði í FS, námsframboð skólans og fyrirspurnum svarað.

Á vorönn komu 9. bekkingar grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í FS. Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum stofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

Námskynningar

Á haustönn voru nokkrar kynningar fyrir útskriftarnemendur. Þá komu HÍ, HA og HR í skólann og kynntu námið sem þeir bjóða upp á. Á vorönn bauðst útskriftarnemendum að fara í háskólaherminn og nýttu þeir sér það. Kynning fyrir nemendur í verknámi og almenna nemendur var 13. mars í fyrirlestrasalnum en hún var illa sótt. Stóri háskóladagurinn í Reykjavík var vel kynntur og sóttu nemendur hann þann 29. febrúar. Aðrar kynningar voru ekki á vorönn þar sem Covid skall á.

Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og aðstoð við töflubreytingar og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta fyrir falli í lok annar og að innrita nýnema og eldri nemendur inn í skólann. Auk þess hafa þeir aðstoðað skólaráð við að ræða við kennara um einstaka nemendur og svo við þá nemendur sem hafa skrifað bréf til skólaráðs.

Covid 19 skall á árið 2020 og frá 16. mars var skólinn lokaður og fjarkennsla tekinn upp í staðinn. Í því ástandi voru samskipti við nemendur í gegnum síma og tölvupóst. Auk þess stofnuðu námsráðgjafar facebook síðu þar sem hægt var að ná í námsráðgjafa. Öll viðtöl fóru því fram í síma og var hringt í nemendur bæði vegna ábendinga kennara og eins þá nemendur sem voru á ýmsum brautum skólans. Þann 4. maí opnaði skólinn aftur og námsráðgjafar gátu aftur farið að veita viðtöl á skrifstofum sínum í skólanum.

11. Skýrsla forvarnafulltrúa

Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Skólaárið 2019-2020 var að mörgu leyti frábrugðið öðrum skólaárum og þá sérstaklega vegna Covid19 sem setti mark sitt á skólastarf seinni hluta skólaársins. Haustið 2019 gekk vel fyrir sig en þá voru haldin tvö skólaböll og voru þau bæði haldin í Stapa, Reykjanesbæ. Nýnemaball var haldið í september og síðan var þemaball haldið í nóvember. Á vorönn 2020 var haldið eitt ball í febrúar. Eins og undanfarin ár þá gátu nemendur blásið í áfengismæli við komuna á böllin og þannig komist í edrúpott. Við lok skólaárs hefur verið venja að draga úr nöfnum þeirra sem hafa blásið á þremur böllum eða fleiri en þar sem engar skemmtanir voru haldnar á vegum skólans frá mars 2020 og til loka skólaársins þá var ekki dregið úr þessum potti. Meginástæðan þess að ekki var dregið var sú að frekar fáir höfuð blásið í öll þrjú skiptin sem böll voru haldin á skólaárinu.

Forvarnafulltrúi vinnur náið með félagslífsfulltrúa á böllum og njóta þeir aðstoðar lögreglu. Á öllum böllum eru líka nokkrir kennarar, útskriftarnemar eða nemar sem eiga lítið eftir í sínu námi og síðan er einnig samið við dyravarðafyrirtæki. Samvinna þessara aðila er mjög góð og hafa þeir það allir það markmið að sjá til þess að allt fari vel fram. Forvarnafulltrúi sér síðan um að hringja heim ef sækja þarf nemendur undir 18 ára aldri. Verði nemendur uppvísir að ölvun þá eru þeir settir í bann á næsta balli á eftir auk þess að fá tiltal hjá forvarnafulltrúa. Ef nemendur hafa náð 18 ára aldri þá er það hlutverk forvarnafulltrúa og annarra starfsmanna að sjá til þess að þeir komist heim.



Frá gróðursetningu útskriftarnemenda haust 2019

Tóbaksnotkun

Forvarnarfulltrúi ræðir við þá nemendur sem gerast brotlegir vegna tóbaksnotkunar/rafsígarettunotkunar. Á þessu skólaári þurfti forvarnarfulltrúi í raun að hafa afskipti af mjög fáum nemendum vegna tóbaksnotkunar. Örfáir nemendur reykja venjulegar sígarettur og svo virðist sem þeim nota rafsígarettur eða munntóbak hafi fækkað mikið milli ára.. Allir sem staðnir eru að því að veipa innanhúss eða verða uppvísir að notkun munntóbaks fá á sig athugasemd í Innu og ef um ítrekuð brot er að ræða þá er hringt heim ef um nemanda undir 18 ára er að ræða en rætt beint við nemendur sem eru eldri en 18 ára.

Samtakahópurinn

Forvarnarfulltrúi FS á sæti í Samtakahópnum sem hittist hálfsmánaðarlega. Fundirnir voru haldnir utan Fjölbrautaskólans á ýmsum tímum en yfirleitt þó þannig að það var illmögulegt fyrir forvarnarfulltrúa að mæta vegna kennslu.

Forvarnarfulltrúi sækir þá fyrirlestra sem í boði eru þ.e. þegar hann hefur tækifæri til.

Viðtalstími

Forvarnarfulltrúi FS er til taks alltaf þegar þörf er á.

Anna Karlsdóttir Taylor, forvarnarfulltrúi, tók saman.



Frá þemadögum

12. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Helsta hlutverk félagslífsfulltrúa er að vera stjórnarmeðlimum nemendafélags skólans innan handar varðandi ýmsar ákvarðanatökur, aðstoða við gerð fjárhagsáætlana og viðburðadagatala og hafa milligöngu um samskipti við skólastjórnendur. Félagslífsfulltrúi fundaði með nemendafélaginu tvisvar í viku; einu sinni með aðalstjórn og einu sinni með miðstjórn. Fundað var í hádeginu til að ná til sem flestra stjórnar- og nefndarmeðlima þar sem fólk átti erfitt með að hittast eftir skóla.

Í upphafi skólaársins gerði nemendafélagið samning við Dominos um styrki vegna veitinga á viðburðum. Félagslífið fór því af stað með Nýnemaferð Dominos þar sem nýnemum var boðið í Sólbrekkuskóg. Mjög góð mæting var í ferðina og fóru nemendur með rútum á staðinn. Í Sólbrekkuskógi var farið í ýmsa leiki, kveiktur varðeldur og sungið og fólk gæddi sér á pizzu. Fólk skemmti sér virkilega vel og þátttakendur voru til fyrirmyndar.

Þrír dansleikir voru haldnir yfir árið, tveir á haustönn, Nýnemaball og Rave ball, og einn á vorönn, Hawaii-ball. Á öllum böllum stóð nemendum til boða að blása í áfengismæli og skrá sig í „edrupottinn“. Nokkuð góð þátttaka var á hverju balli. Eftir hvert ball voru svo dregin nöfn úr pottinum þar sem nemendur gátu unnið til vinninga. Í vinninga voru gefnir miðar á böll.

Samstarf við lögreglu var mjög gott varðandi dansleikjahald og gæsla var öflug á öllum böllum. 1-2 lögreglumenn mættu á hvern dansleik, 5-7 kennarar sinntu gæslu, 8-10 gæslumenn voru frá nemendafélaginu og einnig átta dyraverðir. Böllin fóru að langmestu leyti vel fram þó upp kæmu einstaka mál varðandi drykkju. Mikið og gott samstarf var milli félagslífsfulltrúa og forvarnarfulltrúa skólans.

Í haust var efnt til nýnemakosninga þar sem nýnemar voru kosnir inn í allar nefndir og ráð. Um áramót var skipaður nýr framkvæmdastjóri félagsins þar sem fyrri framkvæmdastjóri hætti í skólanum.

Nokkur skemmtikvöld voru haldin á skólaárinu þar sem nemendur komu saman og skemmtu sér innan skólans. Boðið var upp á veitingar, leiki og skemmtiatriði. Mæting var nokkuð góð á þessum skemmtikvöldum. Forvarnarfulltrúi og félagslífsfulltrúi sáu um gæslu á þessum kvöldum.

Í janúar keppti NFS gegn Borgarholtsskóla í Morfís. Þar var rætt um vopnaðan frið. Liðið vann og keppti því í annarri umferð gegn Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þar spilaði NFS á heimavelli en rætt var um græðgi. MH fór með sigur af hólmi.

Samkomubann vegna Covid-19 hafði mikil áhrif á störf nemendafélagsins á vorönn. Fella þurfti niður ýmsa viðburði á borð við árshátíð, aðalfund, söngkeppnina Hljóðnemann og vorkosningar svo dæmi séu tekin. Tekin var ákvörðun um að halda stjórnarkosningar í byrjun næsta skólaárs, samhliða nýnemakosningum.

Kristjana Hrönn Árnadóttir, félagslífsfulltrúi, tók saman.

13. Skýrsla sálfræðinga

Inngangur

Hér gefur að líta samantekt á lykiltölum sálfræðipjónustu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir skólaárið 2019/2020. Samantekt þessari er ætlað að veita innsýn í starfsemi þjónustunnar á liðnu skólaári sem var óhefðbundið að mörgu leyti vegna komu kórónuveirunnar.

Fordæmalausir tímar buðu upp á tækifæri til að stíga ný skref í sálfræðipjónustu FS til að aðlaga hana að breyttum aðstæðum og leggja áfram áherslu á gott aðgengi nemenda að þjónustunni. Sálfræðipjónustan lærði heilmikið á fyrrnefndu tímabili sem mun nýtast í áframhaldandi þróun þjónustunnar. Þetta er fjórða árið þar sem unnið er samkvæmt þjónustusamningi um aðkeypta sálfræðipjónustu frá fræðslusviði Reykjanesbæjar.

Sálfræðipjónustunni hefur verið vel tekið af nemendum og starfsfólki skólans. Nemendur hafa verið duglegir að leita eftir þjónustu sálfræðinga, þar sem mikill meirihluti nemenda greina frá því að þeir óski eftir þjónustunni að eigin frumkvæði. Þar var ekkert lát á þrátt fyrir takmarkanir tengt samkomubanni og sóttvörnum. Lykiltölur sálfræðipjónustunnar síðustu fjögur ár gefa til kynna að rík þörf sé fyrir sálfræðipjónustu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Á síðustu fjórum skólaárum hafa um 200 nemendur fengið fasta viðtalstíma hjá sálfræðingi, þar sem hver nemandi hefur fengið að jafnaði 2-6 viðtöl. Að auki hefur fjöldi nemenda nýtt sér opna viðtalstíma sem standa öllum nemendum til boða. Í samkomubanni vorsins 2020 færðist sálfræðipjónustan úr formi staðviðtala í form fjarviðtala í síma eða með notkun fjarfundaforrits. Því var vel tekið af meirihluta nemenda og óskuðu þau alfarið eftir símaviðtölum. Sínaviðtölin reyndust vel, þau buðu upp á aukinn sveigjanleika varðandi tímasetningu viðtala og nýttu nemendur viðtölin vel. Þá var það upplifun sálfræðipjónustunnar að dregið hafi úr forföllum í viðtöl á meðan samkomutakmörkunum stóð. Sá aukni sveigjanleiki sem sínaviðtöl gáfu varðandi tíma- og staðsetningu viðtala virðast því hafa gefið góða raun. Því verður nemendum boðið að velja á milli fjar- eða staðviðtala skólaárið 2020-21.

Líkt og síðustu skólaár hefur þjónustubörf nemenda verið ólík en sálfræðipjónusta FS mætti þörf meirihluta nemenda. Enn og aftur er meirihluti þeirra sem sækja um þjónustuna yngri en 18 ára sem undirstrikar mikilvægi þess að sálfræðipjónusta sé áfram aðgengileg fyrir þennan aldurshóp.

Samantekið er það mat undirritaðra að vel hafi tekist til fyrstu fjögur ár sálfræðipjónustu Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Gleðilegt er hversu margir nemendur hafa nýtt sér þjónustuna á síðastliðnum fjórum skólaárum og horfa undirrituð björtum augum á áframhaldi sálfræðipjónustu við nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja.


Skipulag þjónustu

Sálfræðingar á vegum fræðslusviðs Reykjaneshæjar veita nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu. Þá getur starfsfólk skólans og foreldrar nemenda einnig óskað eftir ráðgjöf í tengslum við nemendur skólans. Þjónustan við nemendur felst í einstaklingsviðtölum, þar sem áhersla er lögð á ráðgjöf, fræðslu og stuðning auk þess að þörf fyrir frekari þjónustu er metin (sbr. aðkomu annarra heilbrigðisstarfsmanna). Tilgangur þjónustunnar er að stuðla að almennri velferð nemenda og veita þeim stuðning við að fá viðeigandi aðstoð sé þess þörf.

Sálfræðingur frá fræðslusviði Reykjaneshæjar var með fasta viðveru í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á þriðjudögum og miðvikudögum á önninni. Nemendum skólans stendur til boða að panta viðtalstíma hjá sálfræðingi eða mæta í opinn tíma. Opnir tímar eru stutt ráðgjafarviðtöl þar sem miðað er við að viðtalið taki um 10-15 mínútur og þarf ekki að bóka tíma fyrir fram. Bókaðir viðtalstímar eru yfirleitt 25-45 mínútur, þar sem nemandi og sálfræðingur setja sameiginleg markmið til að vinna að. Til að óska eftir föstum viðtalstímum hjá sálfræðingi skila nemendur inn sérstöku upplýsingablaði, fá staðfestingu á móttöku þess og fá úthlutaðan viðtalstíma.


Lykiltölur

Á skólaárinu 2019/2020 óskuðu alls 48 nemendur eftir föstum viðtalstímum hjá sálfræðingi. Þá voru opnir viðtalstímar vel nýttir, en um 50 einstaklingar leituðu í opna viðtalstíma fram að samkomubanni. Kynjahlutfall þeirra sem sóttu föst viðtöl var nokkuð jafnt, en 56% viðtalsbeiðna komu frá stúlkum. Þá bárust flestar beiðnir um viðtöl frá nemendum sem fæddir eru árin 2002 og 2003 (sjá mynd 1).




Mynd 1. Aldursdreifing nemenda sem óskuðu eftir föstum viðtölum hjá sálfræðiþjónustu skólans á skólaárinu 2019/2020.

Flestar viðtalsbeiðnir bárust í upphafi hvers misseris, þ.e. september, október og janúar (sjá mynd 2). Á skólaárinu var öllum nemendum sem sendu inn viðtalsbeiðni boðnir fastir viðtalstímar. Alls fengu 48 nemendur viðtalstíma á skólaárinu og var biðtími eftir viðtali frá fáeinum dögum til fáeinna vikna. Fjöldi viðtala var misjafn hjá þeim nemendum sem komu í fasta viðtalstíma en flestir nemendurnir nýttu tvö til sex viðtöl.



Mynd 2. Fjöldi og staða viðtalsbeiðna eftir mánuði móttöku.

Á upplýsingablaði sem nemendur fylltu út voru þeir beðnir um að gera grein fyrir ástæðu þess að þeir óskuðu eftir sálfræðipjónustu (sjá mynd 3). Með því að skoða yfirlit yfir helstu ástæðu komu er hægt fá innsýn í upplifun nemenda á af hverju þeir vildu fá viðtöl hjá sálfræðingi. Meirihluti nemenda greindu frá hamlandi kvíða sem helstu ástæðu komu eða alls 56%. Um 13% nemenda greindu frá depurð/vanlíðan sem helstu ástæðu komu. Einnig greindu nemendur frá vanda sem tengdist streitu, erfiðleikum í námi, endurtekinni frestun og lágu sjálfsmati (31%). Það er mat sálfræðings að ástæður komu gátu verið fleiri eða aðrar en þær sem gefnar voru upp á upplýsingarblaði. Þjónustupörf þeirra nemenda sem óskuðu eftir viðtölum á skólaárinu var misjöfn þegar litið er til stöðu þeirra, hamlandi áhrifa vandans á daglegt líf og hversu lengi vandinn hefur staðið yfir. Fyrir meirihluta nemenda var þjónustupörf mætt að fullu með sálfræðipjónustu FS. Aðrir höfðu þörf fyrir frekari þjónustu samhliða eða í framhaldi af sálfræðipjónustunni. Þar má nefna þörf fyrir aðkomu lækna, sálfræðimeðferð eða þjónustu heilbrigðisstofnana (sbr. BUGL, LSH og HSS).



Mynd 3. Yfirlit yfir helstu ástæðu komu

Á upplýsingablaði sem nemendur skiluðu inn voru þeir einnig beðnir um að gera grein fyrir því hver óskaði eftir þjónustu fyrir nemandann, þar sem hægt var að velja eitt eða fleiri af eftirfarandi; nemandinn sjálfur, foreldri/forráðamaður eða starfsmaður skólans. Þegar ofangreindar upplýsingar voru teknar saman kom fram að um 90% nemenda greindu frá því að þeir óskuðu sjálfir eftir þjónustunni. Hér er þó mikilvægt að hafa í huga að starfsmenn skólans, einkum náms- og starfsráðgjafar aðstoðuðu nemendur oft við að óska eftir viðtölum hjá sálfræðiþjónustu skólans.

Fyrir hönd skólapijónustu fræðslusviðs,

Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur og Kristín Guðrún Reynisdóttir sálfræðingur